

Ársskýrsla 2017



Efnisyfirlit

ÁVARP FORMANNS	4
STAÐA OG HLUTVERK SKÓLANS	6
Hlutverk	7
Framtíðarsýn	7
GILDI OG STEFNA	8
Gildi tækniskólans eru eftirfarandi	9
Stefna í kennslu og námi	9
Stefna í þróun námsbrauta	10
Stefna um mannauð, ánægju nemenda og starfsmanna	10
Stefna um rekstur, skipulag og húsnæði	10
Aðrar stefnur	11
SKIPULAG OG SÉRSTAÐA	12
Sérstaða og skipulag	13
Skólinn og starfsmenn	13
STJÓRN OG STJÓRNENDUR	14
Eigendur og stjórn	15
Stjórnendur og skipurit	15
SKÓLAR TÆKNISKÓLANS	16
BYGGINGATÆKNISKÓLINN	18
Starfsmannamál	19
Námið	19
ENDURMENNTUNARSKÓLINN	22
Starfsmannamál	23
Námið	23
Tengsl við atvinnulífið	23
FLUGSKÓLI ÍSLANDS	24
Starfsmannamál	25
Námið	25
Tengsl við atvinnulífið	26
HANDVERKSSKÓLINN	28
Starfsmannamál	29
Námið	29
Tengsl við atvinnulífið	29
MARGMIÐLUNARSKÓLINN	32
Starfsmannamál	33
Námið	33
Tengsl við atvinnulífið	33
MEISTARASKÓLINN	34
Starfsmannamál	35
Námið	35
Tengsl við atvinnulífið	35
RAFTEKNISKÓLINN	36
Starfsmannamál	37
Námið	37
Tengsl við atvinnulífið	38
SKIPSTJÓRNARSKÓLINN	40
Starfsmannamál	41
Námið	41
Tengsl við atvinnulífið	41
TÆKNIMENNTASKÓLINN	42
Starfsmannamál	43
Námið	43
Tengsl við atvinnulífið	44

UPPLÝSINGATÆKNISKÓLINN	46
Starfsmannamál	47
Námið	47
Tengsl við atvinnulífið	47
VEFSKÓLINN	50
Starfsmannamál	51
Námið	51
Tengsl við atvinnulífið	51
VÉLTÆKNISKÓLINN	52
Starfsmannamál	53
Námið	53
Tengsl við atvinnulífið	53
KJARNASKÓLAHLUTVERK TS	56
FÁMENNAR NÁMSBRAUTIR	58
ÁFANGASTJÓRN	60
Áfangastjórn	61
Útgáfa	61
Viðveruskráning og skólasókn	61
Rafræn ferilbók	61
NÁMSSTJÓRN	62
SJÁLFSMAT OG INNRA EFTIRLIT	64
Gæðakerfi	65
Kennslumat	65
Miðannamat	66
Innri rýni	66
Tækniskólinn - Ytri úttektir	66
FÉLAGSLÍF NEMENDA	68
Stjórn	69
Fyrirkomulag og félög	69
Markverðir viðburðir	69
Foreldraráð	70
MARKAÐS- OG KYNNINGARDEILD	72
Ný vefsíða	73
Kynningarefni	73
Markverðir viðburðir	73
REKSTRARSVIÐ - STÖÐJÓNUSTA	76
UPPLÝSINGAMIÐSTÖÐ	78
Alþjóðamál	79
FASTEIGNAÐEILD	80
Tengsl við atvinnulífið	81
Húsnæði	81
TÖLVU- OG TÆKNIDEILD	82
Uppbygging kerfis	83
FJÁRMÁL OG BÓKHALD	86
Fjármálastjórn og bókhald	87
Afkoma ársins	87
STARFSEMI	88
Starfsmannahald	89
Starfsmannafundir	89
Starfsmannafélag, starfsemi	89
TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR	90
Yfirlit yfir nemendafjölda á einstökum brautum í Tækniskólanum 2008 -2017	91
Aldursdreifing í dagskóla	92
Brottfall	93
Dreifnám	94
Kynjaskipting	95

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins



Ávarp formanns

Til að standast samkeppni þarf atvinnulífið aðgang að vel og rétt menntuðu fólki til starfa. Fyrirtækin byggja velgengni sína meðal annars á vel menntuðu og þjálfuðu starfsfólki. Mannauðurinn leggur grunn að stöðugri verðmætasköpun. Þegar kemur að menntun fyrir atvinnulífið þá skipar Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins veigamikilið hlutverk.

Nú eru tíu ár frá því að Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins var stofnaður. Gaman hefur verið að fylgjast með þróun Tækniskólans frá því Stýrimannaskólinn í Reykjavík og Vélaskóli Íslands voru sameinaðir í Fjöltækniskólann árið 2004 og síðan árið 2008 er Fjöltækniskólinn og Iðnskólinn í Reykjavík voru sameinaðir og Tækniskólinn varð til í núverandi mynd. Iðnskólinn í Hafnarfirði var svo sameinaður Tækniskólanum árið 2015 og hafa þessar sameiningar verið skólanum, nemendum og starfsfólki til farsældar.

Margt hefur gerst á þessum árum, skólinn þróast samhliða breytingum í umhverfinu og breytingum á þörfum atvinnulífsins fyrir verk- og tæknimenntaða starfsmenn og hefur skólinn leitast við að fylgja þeim straumum sem eru í gangi á hverjum tíma. Stundum er sagt að skóli sé stofnun sem erfitt er að hreyfa til og að langan tíma taki að breyta um stefnu. Tækniskólinn sem byggir á samsetningu smærri fagskóla er meðvitaður um nauðsyn þess að laga stefnuna og tryggja að námsframboð sé í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru til námsins.

Á undanförunum árum hefur vaxandi áhersla verið lögð á að bæta námið og námsumhverfið sem hefur falist í annars vegar stórfelldum breytingum á húsnaði til kennslu og hinsvegar í breytingum á efni og innihaldi náms. Tekið hefur verið upp verkefnastýrt nám í auknum mæli, bætt hefur verið í dreifnám og fjarkennslu og lögð áhersla á að gera skólann meira aðlaðandi sem vinnustað nemenda.

Húsnaðismál skólans hafa verið í brennidepli. Hafin er könnun á vegum stjórnar skólans á því að koma skólanum undir eitt þak og nýta þannig styrkleika hvers undirskóla til þess að styrkja skólann sem eina heild.

Tengsl milli atvinnulífs og skóla eru mjög mikilvæg. Stór verkefni eru framundan og nauðsynlegt að nálgast þau af festu og áráðni. Skipuleggja þarf starfsnám og vinnustaðahluta starfsnáms þannig að nám geti farið fram þar sem náminu hentar best og kemur nemandanum að mestum notum. Samstarf verður að vera á milli skóla og þeirra fyrirtækja sem annast vinnustaðanáms þannig að kröfur séu gerðar til gæða kennslu og þjónustu vinnustaðanna með sama hætti og kröfur eru gerðar til gæða og þjónustu skólanna. Við verðum að horfa á nám nemandans sem eina heild. Atvinnulíf og skólar verða að vinna saman til að það sé mögulegt.

Fagháskólanám hefur verið í umræðunni innan skólasamfélagsins og verða stór skref vonandi stigin í þróun þess og mótuun á næstu misserum. Mikilvægt er að rödd verk- og tæknináms heyrst skýrt í umræðunni um fagháskólanámið og þarf skólinn okkar að koma að verkefninu af styrkleika.

Við vitum að ímynd Tækniskólans hefur styrkst á liðnum árum sem afleiðing af þeim verkum sem unnin eru innan skólans og óskum þess að skólinn sé dæmdur af verkum sínum og því sem hann stendur fyrir.

Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins veitir fjölbreytta verk- og tæknimenntun, hefur útskrifað fagfólk fyrir íslenskt atvinnulíf og samfélag í langan tíma og mun gera það um ókomin ár. Sterk verk- og tækniþekking er nauðsynleg fyrir hvert það þjóðfélag sem vill standa sig í samkeppni þjóða um góð lífskjör.

Stefna okkar er að gera góðan skóla enn betri með því öflugra starfsfólki sem þar starfar og stuðla að því að Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins, verði áfram helsti verk- og tæknimenntaskóli Íslands.

Stjórnarformaður Tækniskólans, skóla atvinnulífsins,
Bollí Arnason





Staða og hlutverk skólans

Í þjónustusamningi Tækniskólans (TS) og mennta- og menningarmálaráðuneytisins frá 2008 er kveðið á um áherslur, markmið og hlutverk skólans. Það er mat Tækniskólans að vel hafi tekist að starfa eftir þeim stefnumiðum og ná þeim markmiðum sem þar voru sett. Skólinn hefur haslað sér völl sem viðurkenndur og eftirsóttur iðn- og starfsmenntaskóli í hraðri þróun.

Þann 18. mars 2013 voru undirritaðir tveir nýir samningar við mennta-, og menningarmálaráðuneytið, annars vegar endurnýjaður þjónustusamningur skólans við ráðuneytið og hins vegar nýr skólasamningur. Báðir samningarnir gilda til 2018.

Undirritun á endurnýjuðum þjónustusamningi TS við MMR er staðfesting á því að rekstur skólans og skólastarfið standist þær kröfur sem ráðuneytið gerir til slíkra samninga.

Þann 20. júlí 2015 var undirritaður viðauki við ofangreindan þjónustusamning um yfirtöku Tækniskólans á rekstri og hlutverki Iðnskólans í Hafnarfirði með gildistöku frá og með 1. ágúst 2015.

Flugskóli Íslands sem var 100% í eigu Tækniskólans var sameinaður Tækniskólanum á kennitölu Tækniskólans frá 1. janúar 2016 og er Flugskólinn því þar með einn af skólum Tækniskólans.

Samstarf við aðila atvinnulífsins hefur verið aukið frá því sem áður var og hefur áhrif á þróun náms og námsbrauta. Á undanförunum árum hefur brottfall nemenda frá námi minnkað, viðvera nemenda aukist og aðsókn að skólanum verið að aukast. Kennslu og áfangamat nemendanna í skólanum er einnig mjög gott.

Helstu stefnumið Tækniskólans og sérstakt hlutverk standa óbreytt en hér verður gerð grein fyrir áherslum í stefnu Tækniskólans til næstu ára, helstu gildum hans og leiðum og settir fram mælipunktar.

HLUTVERK

Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins, starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla frá 2008, aðalnámskrá framhaldsskóla. Tækniskólinn tekur mið af lögnum frá 2008 og viðeigandi reglugerðum. Hlutverk Tækniskólans, skóla atvinnulífsins, er að stuðla að alhliða þroska nemenda, búa þá undir störf í atvinnulífinu og frekara nám í sérskólum og háskólum. Einnig er það hlutverk skólans að búa nemendur undir virka þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi og leitast við að efla með þeim gagnrýna hugsun, ábyrgðarkennd, víðsýni, frumkvæði, sjálfstraust og umburðarlyndi.

Sérstakt hlutverk Tækniskólans er að mennta eftirsótt starfsfólk í handverks-, iðnaðar-, tækni-, vélstjórnar-, skipstjórnar, flug-, og sjávarútvegstörfum í íslensku jafnt sem alþjóðlegu umhverfi bæði til sjós og lands.

FRAMTÍÐARSÝN

Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins, verði áfram helsti verk- og tæknimenntaskóli landsins, njóti virðingar nemenda og atvinnulífs fyrir góða menntun og verði eftirsóttur vinnustaður. Tækniskólinn verði leiðandi í framboði á framhaldsmenntun að loknu starfsnámi.



Gildi og stefna

Tækniskólinn hefur sett sér gildi sem höfð eru að leiðarljósi í öllu starfi og rekstri skólans. Mikilvægt er að starf innan skólans sé á grundvelli þessara gilda og að sífellt sé leitast við að mæta þeim kröfum sem samtíminn gerir til skólastarfs. Samhliða er horft til framtíðar og rýnt í þróun kennslu og starfshátta.

GILDI TÆKNISKÓLANS ERU EFTIRFARANDI:

MENNTUN

Við leitumst við að veita nemendum okkar fjölbætta menntun sem nýtist þeim til starfa, áframhaldandi náms og til virkrar þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi. Við endurskoðum reglulega inntak og framsetningu kennslunnar til að koma á framfæri bestu hefðum og nýjustu tækni. Við leggjum áherslu á að virkja sköpunarkraftinn og stuðlum að samþættingu ólíkra greina.

VIRÐING

Við mætum hverjum nemanda þar sem hann er staddur og væntum mikils af honum. Við stuðlum að og virðum jafnrétti, lýðræði og mannréttindi. Við berum virðingu fyrir samstarfsfólki okkar og nemendum og bjóðum þeim bestu mögulegar aðstæður. Við virðum gildi og hefðir faggreina og nálgumst umhverfi okkar með endurnýtingu og sjálfbærni að leiðarljósi.

FAGMENNSKA

Við leggjum áherslu á fagmennsku á öllum sviðum, í kennslu, stoðþjónustu og samskiptum við nemendur, foreldra og atvinnulíf. Við ástundum fagleg vinnubrögð og hagsýni í stjórn skólans og ákvarðanatöku. Við byggjum fagmennsku okkar m.a. á námskrám, áætlunum, ferlum og gæðaviðmiðum.

FRAMSÆKNI

Við erum fljót til nýjunga, leitum tækifæra og bjóðum nemendum nýjar lausnir. Við bregðumst við þörfum atvinnulífsins fyrir vel menntað starfsfólk og vinnum með fyrirtækjum og hagsmunaaðilum að þróun námsbrauta. Við göngum á undan í innleiðingu nýrra kennsluhátta og þróun námskráa.

STEFNA Í KENNSLU OG NÁMI

Skólinn leggur áherslu á að nemendur læri með því að leysa raunhæf og skapandi verkefni í hverri grein. Skólinn leggur áherslu á samþættingu námsgreina, þverfaglegt samstarf og að sköpun og frumkvæði einkenni nám og kennslu. Þessum markmiðum verður náð með því að þróa kennsluhætti hafa hvetjandi námsmat með skýrum væntingum til nemenda og eftirliti með ástundun þeirra.

- » Val og ábyrgð nemenda á verkefnum aukist eftir því sem þeir eru lengra komnir í námi.
- » Kennslan verði skipulögð út frá því hvaða upplýsingar, tæki og leiðsögn nemendur þurfa til að geta leyst verkefni af hendi.
- » Kennarar þróa rafrænar leiðir til upplýsingamiðlunar og námsmats.
- » Áhersla er lögð á að nám verði verkefnastýrt.
- » Hlutfall leiðsagnarmats á úrlausnum verkefna verði einkennandi og hlutfall lokaprófa í námsmati fari minnkandi.
- » Stefnt er að minnkandi brottfalli og batnandi meðalárangri nemenda Tækniskólans, skóla atvinnulífsins.
- » Ferilmappa verði hluti af námsmati á flestum brautum.

Mælipunktur:

Á næstu þremur árum:

- » Afföll skráðra eininga verði undir 15%.
- » Hlutfall staðinna eininga verði yfir 75%.
- » Hlutfall lokaprófa í námsmati minnki um 30%.
- » Notkun ferilmöppu sem hluti af námsmati aukist um 30% á ári.

STEFNA Í ÞRÓUN NÁMSBRAUTA

Námskrár allra námsbrauta verða endurskoðaðar í samræmi við lög um framhaldsskóla frá 2008. Unnið verði áfram að þróun nýrra námsbrauta á framhaldsskóla- og framhaldsstigi (fjórða þrepi) í samræmi við þarfir nemenda og atvinnulífs.

- » Í samræmi við ný lög verði lokið endurskoðun allra námsbrauta Tækniskólans haustið 2018.
- » Á hverju ári verði a.m.k. ein ný námsbraut þróuð með hagsmunaaðilum.
- » Fjölgun nemenda sem ljúka námi af 4. þrepi frá Tækniskólanum, skóla atvinnulífsins.
- » Byggja upp samstarf við erlenda skóla.
- » Fá viðurkenningu erlendra og innlendra skóla á námi skólans á fjórða þrepi.

Mælipunktur:

Á næstu þremur árum:

- » Verði nýjar/endurskoðaðar námskrár a.m.k. 4 á ári.
- » Nýjar námsbrautir á 4. þrepi verði a.m.k. þrjár.
- » Nemendum sem ljúka námi á 4. þrepi skólans fjölgi um 20%.

STEFNA UM MANNAUÐ, ÁNÆGJU NEMENDA OG STARFSMANNA

Starfsmenn og nemendur búi við góðar aðstæður, séu ánægðir með vinnuumhverfi sitt og líði vel í Tækniskólanum, skóla atvinnulífsins. Skólinn mæli reglulega líðan og ánægju nemenda og starfsmanna og setji niðurstöðurnar í ferli til úrbóta þar sem við á.

- » Kennslu- og áfangamat verði á hverri önn og þróist til að gefa betri mynd af stöðu kennslu og áfanga.
- » Aðlögun kennslurýmis miðað við breytilegar áherslur verði unnið í samvinnu við starfsmenn.
- » Skólinn stuðli að endurmenntun starfsmanna sinna með námskeiðum, fræðslufundum, fyrirlestrum og kynningarferðum.
- » Skólinn leggi áherslu á félagslíf nemenda og styðji skólafélögin og nemendasambandið

Mælipunktur:

Á næstu þremur árum:

- » Hvert ár verði gerð ein viðhorfskönnun meðal nemenda og ein meðal starfsmanna.
- » Einkunn kennslumats verði ekki undir 4.0.
- » Einkunn áfangamats verði ekki undir 4.0.

STEFNA UM REKSTUR, SKIPULAG OG HÚSNÆÐI

Nýta vel þá fjármuni sem skólinn hefur til umráða og kostnaði haldið í lágmarki. Það er m.a. gert með góðu skipulagi í mannauðsstjórnun, aðhaldi og skipulagi á innkaupum og nýtingu efnis og einnig með góðri nýtingu í námshópum. Yfirstjórn skólans vinni náið með eignum að þróun hans í aðbúnaði og framtíðarhúsnæði.

- » Halda nýtingu í námshópum eins góðri og mögulegt er hverju sinni.
- » Stefnt er að því að tekjur aðrar en opinber framlög og nemendagjöld aukist sem hlutfall heildartekna.
- » Unnið skal markvisst að endurnýjun tækja og búnaðar.
- » Allur skólinn starfi eftir vottuðu gæðakerfi samkvæmt ISO9001.

Mælipunktur:

Á næstu þremur árum:

- » Tekjur aðrar en opinber framlög og nemendagjöld verði allt að 20% af heildartekjum.
- » Meðalnýting í námshópum verði yfir 90% á hverju skólaári.
- » Hlutfall launakostnaðar af heildartekjum sé ætíð undir 80%.
- » Gæðakerfi samkvæmt ISO9001 staðli á skólanum í heild verði viðhaldið og vottað.

1. AÐRAR STEFNUFRAMMÁL

Til að standast samkeppni þarf atvinnulífið aðgang að vel og rétt menntuðu fólki til starfa. Fyrirtækin byggja velgengni sína meðal annars á vel menntuðu og þjálfuðu starfsfólki. Mannauðurinn leggur grunn að stöðugri verðmætasköpun. Þegar kemur að menntun fyrir atvinnulífið þá skipar Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins veigamikil hlutverk.

Nú eru tíu ár frá því að Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins var stofnaður. Gaman hefur verið að fylgjast með þróun Tækniskólans frá því Stýrimannaskólinn í Reykjavík og Vélskóli Íslands voru sameinaðir í Fjöltækniskólann árið 2004 og síðan árið 2008 er Fjöltækniskólinn og Iðnskólinn í Reykjavík voru sameinaðir og Tækniskólinn varð til í núverandi mynd. Iðnskólinn í Hafnarfirði var svo sameinaður Tækniskólanum árið 2015 og hafa þessar sameiningar verið skólanum, nemendum og starfsfólki til farsældar.

Marð hefur ærzt á þessum árum skólinn hróast samhliða breytingum í umhverfinu og breytingum á hörfum

AÐRAR STEFNUR

Tækniskólinn hefur jafnframt sett eftirfarandi stefnur sem nánar eru kynntar á heimasíðu skólans:

- » Alþjóðastefna – alþjóðlegt samstarf og samskipti.
- » Stefna gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni o.fl.
- » Verklagsreglur við einelti, áreitni og ofbeldismálum.
- » Gæðastefna.
- » Heilsustefna.
- » Jafnréttisstefna.
- » Starfsmannastefna.
- » Umhverfisstefna.
- » Vefstefna.



Skipulag og sérstaða

Tækniskólinn ehf. var stofnaður vorið 2008 með samruna Iðnskólans í Reykjavík og Fjöltækniskóla Íslands og er rekinn sem einkahlutafélag. Samkvæmt samþykktum skólans, sem eru í anda sjálfseignarstofnunar, er eigendum ekki heilmilt að taka út fjárhagslegan arð en arður eigenda felst í betur menntuðu fólki til atvinnulífsins. Rekstur skólans miðast við að skólinn sé sjálfbær.

SÉRSTAÐA OG SKIPULAG

Sérstaða Tækniskólans, skóla atvinnulífsins felst í nánnum tengslum hans við atvinnulífið í gegnum eignarhaldsfélag hans og sérstök fagráð sem tengjast námsbrautum skólans. Í fagráðum sitja fulltrúar atvinnurekenda, launþega og fagkennara í hverri grein. Flestar námsbrautir Tækniskólans veita markvissan undirbúning til ákveðinna starfa jafnframt því sem þær opna leiðir til áframhaldandi náms. Tækniskólinn starfa eftir vottuðu gæðakerfi ISO 9110:2000.

Skipulag Tækniskólans hefur haldist óbreytt á árinu. Tækniskólinn hefur sameiginlega yfirstjórn, rekstrarráð, en önnur stjórnun skiptist milli fjölda undirskóla sem hafa faglegt sjálfstæði. Skólarnir eru: Byggingatækniskólinn, Flugskóli Íslands, Handverksskólinn, Raftækniskólinn, Skipstjórnarskólinn, Tæknimenntaskólinn, Tækniakademían (Margmiðlunarskólinn, Vefskólinn og Endurmenntunarskólinn) Upplýsingatækniskólinn og Véltækniskólinn.

SKÓLINN OG STARFSMENN

Námsbrautir eru samtals yfir 80 og í boði eru að jafnaði um 800 áfangar á önn. Nemendur eru um 2100 í dagskóla og 600 í dreifnámi auk nemenda sem sækja einstök námskeið við Endurmenntunarskólann.

Starfsmenn eru um 250. Skipurit skólans, starfslýsingar og upplýsingar um undirskóla Tækniskólans og áfanga er að finna í Námsvísi skólans sem og á heimasíðu hans.

Skólinn er áfangaskóli og skólaárinu skipt upp í tvær annir, vorönn og haustönn. Aðalbyggingar skólans eru á Háteigsvegi, Skólavörðuholti og í Flatahrauni í Hafnarfirði. Byggingartækniskólinn hefur auk þess aðstöðu á Skeljanesi við Skerjafjörð, Flugskóli Íslands er í Hafnarfirði, á Reykjavíkurlflugvelli og í húsnæði Tækniskólans Árleyni Keldnaholti, hljóðtækni og kvikmyndanámi hefur verið kennt í húsnæði Sýrlands ehf. við Vatnagarða.

Tækniskólinn gefur út skólanámskrá, námsvísi í samræmi við 22. og 23. grein laga um framhaldsskóla og almennan hluta aðalnámskrár. Námsvísirinn er birtur á heimasíðu skólans.



Stjórn og stjórnendur

EIGENDUR OG STJÓRN

Tækniskólinn er einkarekinn skóli og er rekstrarfélagið í eigu eftirtalinna aðila: Landsambands íslenskra útvegsmanna, Samtaka iðnaðarins, Samorku og Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík.

Á aðalfundi Tækniskólans 2016 voru eftirtaldir kjörnir í stjórn skólans.

Stjórn:

Bolli Árnason	SI	stjórnarformaður
Guðmundur Kristjánsson	SFS	varaformaður
Hrefna Karlsdóttir	SFS	meðstjórnandi
Agnes Ósk Guðjónsdóttir	SI	meðstjórnandi
Guðmundur Páll Ólafsson	Samorka/Iðnaðarmannafélagið	meðstjórnandi

Varamenn í stjórn:

Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir	SI
Magnús Þór Ásmundsson	SI
Friðrik Friðriksson	SFS
Heiðrún Lind Marteinsdóttir	SFS
Hildur Ingvarsdóttir	Samorka/Iðnaðarmannafélagið

Ráðgjafaráð:

Guðmundur Ragnarsson	VM
Hallgrímur Gunnar Magnússon	Byggið

Stjórn skólans hélt á árinu 10 bókaða stjórnarfundum, 2 skólanefndarfundir og aðalfundur fyrir árið 2016. Stjórnarformaður kom á starfsárinu með beinum hætti að ýmsum málum með skólameistara og aðrir stjórnarmenn komu að málum óformlega á milli funda.

Ákveðið var á stjórnarfundum 6/10 2017 að hefja formlega skoðun á fýsileika þess að sameina húsnæði skólans í eina byggingu og fól skólameistara frumundirbúning.

Ákveðið var að stjórn og helstu stjórnendur skólans færi í ferð erlendis til að skoða nýbyggða skóla. Skólaferð stjórnar var farin í byrjun desember 2017 til þriggja landa og voru fulltrúar frá verkfræðistofunni Eflu sem ráðin var til að gera gróra þarfagreiningu á stöðu skólans í húsnæðismálum með í ferðinni.

Niðurstöður ferðarinnar og þarfagreiningar voru kynntar í byrjun árs 2018.


STJÓRNENDUR OG SKIPURIT

Skólameistari Tækniskólans er Jón B. Stefánsson.

Aðstoðarstjórnendur eru Þór Pálsson aðstoðarskólameistari, Björg Jónsdóttir rekstrar- og fjármálastjóri, og Halldór Hauksson áfangastjóri. Þessir stjórnendur mynda rekstrarráð skólans, sem heldur vikulega fundi.

Aðrir stjórnendur eru Einar Sigurðsson gæðastjóri, Gunnar Sigurðsson deildarstjóri fasteigna, Tryggvi Jóhannsson yfirkerfisstjóri, Ómar Aage Tryggvason deildarstjóri tölvu- og tæknideildar, Ingibjörg Rögnvaldsdóttir deildarstjóri bókasafns- og upplýsingamiðstöðvar.

Skólustjórnir Tækniskólans eru: Baldvin Birgisson - Flugskóli Íslands, Guðrún Randalín Lárusdóttir - Upplýsingatækniskólinn, Gunnar Kjartansson - Byggingatækniskólinn, Jón Hjalti Ásmundsson - Skipstjórnaskólinn og Vél tækniskólinn, Kolbrún Kolbeinsdóttir - Tæknimenntaskólinn, Ragnheiður Bjarnadóttir - Handverksskólinn, Ragnhildur Guðjónsdóttir - Endurmenntunarskólinn og Tækniakademían, Valdemar G. Valdemarsson - Raftækniskólinn.



Skólar Tækniskólans

Tækniskólanum, skóla atvinnulífsins, er skipt upp í fjölda faggreinaskóla.

Skólastjórar einstakra skóla Tækniskólans annast faglega ábyrgð og stjórnun á námi við Tækniskólann. Nær sú ábyrgð yfir skipulag kennslu og námsefnis, ráðningar kennara og ráðgjöf nemenda varðandi áfangaval. Skólastjórar ráða fagstjóra, verkefnisstjóra eftir eðli og umfangi skólans.

Deir taka einnig virkan þátt í daglegri stjórnun Tækniskólans og sitja vikulega fundi með rekstrarráði skólans.





Byggingataekniskólinn

Byggingatækniskólinn menntar iðnaðarmenn til starfa í byggingaiðnaði og tækniteknara sem starfa á teiknistofum. Í Byggingatækniskólanum eru sex verknámsbrautir auk náms í tækniteiknun.

Nám á verknámsbrautum hefst á sameiginlegu einnar annar grunnnámi. Eftir það skiptist námið í: húsasmíði, húsgagnasmíði, málaraiðn, múrsmíði, pípulagnir, veggfóðrun og dúkalagnir. Nám í þessum greinum tekur að jafnaði fjögur ár með starfsþjálfun.

Starfsstöðvar skólans eru fjórar. Skólavörðuholt þar eru almennar greinar auk sérnáms í húsasmíði, húsgagnasmíði, málaraiðn, veggfóðrun, dúkalögn og tækniteiknun. Flatahraun Hafnarfirði þar eru almennar greinar auk húsasmíði og húsgagnasmíði. Gjótuhraun Hafnarfirði þar sem pípulagnir eru kenndar. Skeljanes Reykjavík þar sem múraraíðn er kennd.

STARFSMANNAMÁL

Á árinu létu tveir kennarar af störfum vegna aldurs og einn fór til annarra starfa. Samtals störfuðu í lok árs tólf kennarar við kennslu í trésmíði, tveir í pípulögnum, tveir í múraraíðn, tveir í málaraiðn og fjórir við tækniteiknun auk verktaka í einstökum greinum.

NÁMIÐ

Á hverju ári sendir Tækniskólinn nemendur og kennara til annarra landa til að taka þátt í verkefnum og námskeiðum eða í starfsþjálfun tengda námi þeirra í Tækniskólanum.

Á vormánuðum sendi Byggingatækniskólinn átta nemendur á lokaönn í húsgagnasmíði með kennara til Danmerkur þar sem skoðuð voru fyrirtæki, sýningar og aðrir skólar auk vikudvalar í móttökuskóla.

Tækniteiknarar fóru einnig til Danmerkur, sex nemendur auk kennara ferðuðust víða og skoðuðu frekara nám auk vikudvalar í móttökuskóla.

Að lokum fóru sex nemendur og kennari í pípulögnum til Noregs en farsælt samstarf hefur verið við skóla í Sogndal undanfárin misseri.

Íslandsmót iðn- og verkgreina var haldið á árinu. Byggingatækniskólinn sendi nemendur sína til keppni en í sumum greinum voru einungis nemendur frá skólanum.

Skólinn sendi tvo nemendur í málaraiðn, fjóra nemendur í pípulögnum, einn nemanda í trésmíði og sex nemendur úr tækniteiknun í tölvustudda hönnun sem var sýningargrein. Auk þess tók skólinn virkan þátt í grunnskólakynningu sem haldin var samhliða Íslandsmótinu.

Nemendur skólans voru sýnilegir í #kvennastarf en með því var vakin athygli á kynjahalla í starfnámsgreinum. Augljóst er að ef fleiri stelpur sjá tækifæri í starfsmenntun verður auðveldara að fjölga nemendum í iðn- og verkmenntagreinum og fleira fagmenntað fólk verður til fyrir íslenskt atvinnulíf.


Árleg húsgagnasýning nema í húsgagnasmíði við Tækniskólann var haldin í lok vorannar. Þar voru til sýnis lokaverkefni útskriftarnema ásamt fleiri verkum.


Öflugt markaðsstarf var á árinu og vel staðið að kynningu skólans í samstarfi við markaðsdeild hans. Unnið var kynningarmyndband um byggingargreinar auk sérstaks myndbands um námið í tækniteiknun.

Byggingatækniskólinn útskrifaði 86 nemendur á árinu – 22 húsasmiði, 13 húsgagnasmiði, 13 málara, 20 pípara, 11 múrara og 7 tækniteiknara.

Skólastjóri: Gunnar Kjartansson







Endurmenntunarskólinn

Endurmenntunarskólinn hefur það hlutverk að efla og auka framboð í endur- og símenntun með þarfir atvinnulífsins að leiðarljósi. Að auki heldur hann utan um sérhæfð námskeið fyrir starfsfólk skólans.

Hjá Endurmenntunarskólanum er haldinn fjöldi námskeiða á hverju ári, jafnt starfstengd réttindanámskeið sem og tómstundanámskeið.

Árið 2017 voru kennd 128 námskeið við Endurmenntunarskólann og var fullbókað í 68 þeirra. Þátttakendur á námskeiðunum voru 1318 talsins.

STARFSMANNAMÁL

Hjá Endurmenntunarskólanum er tveir fastir starfsmenn sem sjá um daglegan rekstur hans en kennarar á námskeiðum eru ýmist verktarkar úr atvinnulífinu eða starfsmenn skólans.

NÁMIÐ

Endurmenntunarskólinn reynir ávallt að bjóða ný námskeið á hverju ári.

Árið 2017 fóru af stað þrjú ný námskeið en það voru: Ungt fólk-forritun í Unity 3D, Tölvutækni og netkerfi fyrir kennara 1. hluti IT Essentials og Forritun í Python.

Mörg námskeið Endurmenntunarskólans eru sívinsæl og hafa verið haldin í mörg ár og oft mörg á önn. Má þar nefna smáskipanámskeið, vélgæslunámskeið, skemmtibátanámskeið, silfursmíði, bólstrun og málmstuðu

TENGL VÍÐ ATVINNULÍFIÐ

Endurmenntunarskólinn hefur haldið utan um námskeið fyrir fyrirtæki sem óskað hafa eftir sérstökum námskeiðum fyrir sitt starfsfólk.

Skólastjóri: Ragnhildur Guðjónsdóttir

A close-up, profile view of a young woman with brown hair, smiling warmly. She is wearing a black aviation headset with a microphone. She is dressed in a white pilot's uniform with three yellow stripes on the shoulder. The background shows the cockpit instrument panel with various gauges and dials, and a window looking out onto a bright sky. The overall mood is professional and pleasant.

Flugskóli Íslands

Flugskóli Íslands/Tækniskólinn er viðurkenndur flugskóli sem hlotið hefur vottun hjá Samgöngustofu (áður Flugmálastjórn Íslands), samkvæmt Evrópskum reglum EASA - Evrópsku flugöryggisstofnunarinnar.

Skólinn kennir allt flugnám, frá einkaflugmanni til atvinnuflugmannsréttinda, ásamt öllum þeim áritunum sem krafist er. Skólinn kennir einnig til starfsréttinda flugfreyju/ flugþjóna og flugvirkja, ásamt því að sinna símenntun flugmanna og annara fagaðila er tengjast flugi.

Helsta stoð skólans eru nemendur sem skrá sig í nám til einka- og atvinnuflugmanns og umsvifin í kringum nám þeirra. Önnur stoð skólans er það nána samstarf og viðskipti sem skólinn á við alla íslenska flugrekendur, s.s Icelandair, Flugfélag Íslands, WOWair, Flugfélagið Ernir, Bláfugl, Norlandair og ISAVIA. Til margar ára hafa fyrirtækin verið helstu bakhjarlar skólans frá stofnun hans, t.d. með að nota kennara og leyfisveitingu skólans og þjálfunaraðstöðu til að styrkja stoðir flugreksturs síns. Einnig má nefna að frá þessum flugrekendunum koma margir kennarar skólans, sem starfa bæði við bóklega og verklega kennslu í hlutastörfum, enda þarf skólinn á sérhæfðu starfsfólki að halda.

Skólinn endurnýjaði þjónustusamning sinn við breska flugvirkjaskóla - Resource Group - LRTT, til þjálfunar réttindanáms flugvirkja frá grunni á Íslandi. Þessi samningur hefur verið til staðar frá upphafi flugvirkjanáms hjá skólanum haustið 2011. Á síðustu misserum hefur verið unnið að því að fá þetta nám alfarið inn undir íslenska menntakerfið, enda er flugvirkjanám talið iðnnám að öllu leyti.

STARFSMANNAMÁL

Alls störfuðu um rúmlega 100 starfsmenn við skólann, flestir sem verktakar í hlutastörfum. Frá miðju ári 2016, hefur bókleg aðstaða og skrifstofa Flugskóla Íslands verið að Flatarhrauni 12 í Hafnarfirði, við mjög góðar undirtektir allra. Mikil bót varð á aðstöðu starfsfólks og kennara við þennan flutning, en áður hafði skólinn verið í Bæjarflöt 3. Hafa nemendur og kennarar lofað þá aðstöðu sem þeir hafa til námsins.

NÁMIÐ

Á vormánuðum 2017 kláruðu 60 nemendur bóklegt atvinnuflugmannsnám og á haustmánuði 2017 voru 41 nýjir bóklegir atvinnuflugmannsnendur innritaðir. 121 einstaklingur var skráður í bóklegt einkaflugmannsnám á árinu, auk fjölda nemenda við önnur námskeið sem skólinn bauð upp á. M.a. 191 nemandi á 9 námskeiðum í grunnnámi til réttindanáms flugfreyju og flugþjóna á vegum Icelandair. 82 nemendur í þremur bekkjum voru í námi til flugvirkjunar á árinu. Þá eru óátaldir fjöldi aðila í námi á vegum flugrekanda, en þeir skiptu hundruðum.


Flugkennararnámið hefur átt undir högg að sækja á undanförunum tveimur árum, en 11 manns sóttu sér þessa menntun á árinu. Líklegasta skýringing er tvíþætt, í fyrsta lagi sú að flugrekendur hafa ráðið til sín flugmenn með lægri flugtímamörk, sem leiðir til þess að áhugi flugmanna á flugkennslu sem tímaöflunarleið hefur minnkað og í öðru lagi hafa fleiri skólar verið að bjóða upp á flugkennaranám. Til lengdar er þetta ekki gott fyrir flugiðnaðinn, enda eru flugkennarar ein af meginstoðum þess að geta aflað sér flugréttindi. Flugskóli Íslands hefur því reynt að bregðast við þessu, með því að taka þátt í lækkun kostnaðar við námið með væntanlegum flugkennurum, að því tilskyldu að við útskrift bindi þeir sig við að kenna við skólann ákveðinn tímafjölda.

TENGLI VIÐ ATVINNULÍFIÐ

Framtíð flugnáms er mjög góð, flugfélög eru að stækka leiðarkerfi sitt og fjölga flugvélum í flugflota sínum, og fylgir því ráðning starfsfólks með tilskilin réttindi. Þetta hefur skapað mikla þörf á skömmum tíma fyrir sérhæft starfsfólk með tilskilin réttindi, en helsti þröskuldur flugrekenda um þessar mundir er að fá íslenska atvinnuflugmenn með réttindi. Á árinu 2017 auglýsti stærsti flugrekandinn Icelandair, þá nýja leið til að vekja áhuga og fá flugmenn til starfa; Framtíðarflugmenn Icelandair, en þar ætlar Icelandair að styðja við bakið á fjármögnun nemenda sem þeir hafa valið í forvali. Kröfur Icelandair eru að nemendur klári námið á sem skemmstum tíma og ræður þar ríkjum námsframboð skólanna. Flugskóli Íslands hóf þar með í lok ársins 2017 Samtvinnað atvinnuflugmannsnám (Integrated ATPL). Helsti munur er sá, að núna hefur einstaklingur námið frá grunni með enga þekkingu né reynslu og öðlast ekki fyrsta flugskírteini sitt fyrr en að loknu náminu, þá atvinnuflugmannsskírteini. Námið hefur verið í kynningu og öflunar samþykkis Lánaþjóðs, þar sem mikilvægt er að flugnám, sem hefur verið utan menntakerfisins, fái stuðning ríkisvaldsins. Flugnám, flugvirkjanám og annað flugtengt nám er mikilvægur hlekkur í núna stærstu atvinnugrein landsins ferðaþjónustunni og stærsta stoð Íslands í öflun tekna.

Skólastjóri: Baldvin Birgisson





Handverksskólinn

Handverksskólinn varð til vorið 2015 þegar Hársnyrtiskólinn og Hönnunar og handverksskólinn voru aflagðir. Allar brautirnar utan hönnunarbrautar féllu undir þennan nýja skóla. Skólastjóri er Ragnheiður Bjarnadóttir sem var áður skólastjóri Hársnyrtiskólans.

Í Handverksskólanum eru aðalgreinarnar hár, gull og fót þó að skósmíði sé þar einnig þegar það kemur til að nemandi sækir um það nám.

Áhersla er lögð á að undirtitill skólans: hár – gull – fót sé sýnilegur sem víðast þar sem hann skilgreinir þær brautir sem skólinn stendur fyrir. Slagorðið er „Frá toppi til tár“.

STARFSMANNAMÁL

Kennarar Handverksskólans hafa breiða fagþekkingu, eru stoltir af sínum iðngreinum og bera hag þeirra fyrir brjósti.

Fækkun nemenda hefur orðið jafnt og þétt síðustu árin í hársnyrtingu og fataiðn og því hefur þurft að segja upp kennurum og einnig hafa einhverjir hætt sökum aldurs.

Ekki hafa nýir kennarar verið ráðnir um nokkurt skeið. Aðsókn hefur einnig dalað í gull- og silfursmíði þó nóg sé hún samt þar sem einungis átta eru teknir inn á ári.

Mikil umræða hefur átt sér stað um húsnæði fyrir Handverksskólann en brautir hans eru dreifðar um húsnæðið og aðstaðan ekki góð. Vonir standa til þess að hentugra húsnæði finnist fyrir starfsemi Handverksskólans innan tíðar.

NÁMIÐ

Fatatæknir er tveggja ára nám og er grunnur að áframhaldandi námi í kjólasaumum og klæðskurði. Kjólasaumur og klæðskurður er tveggja ára viðbótarnám við fatatækninn og að því námi loknu geta nemendur skráð sig í sveinspróf í iðninni.

Gull- og silfursmíðabraut er fjögurra ára nám, fimm annir í skóla og 72 vikna starfsþjálfun. Að því loknu geta nemendur skráð sig í sveinspróf í iðninni. Námið er jafnframt góður undirbúningur fyrir háskólanám í hönnunargreinum.

Í hársnyrtiðn fléttast vinnustaðanám inn í skólatímamann og eins árs starfsþjálfun er þar að auki. Námið tekur 3 ár í skóla sem ásamt starfsþjálfun veitir rétt til að þreyta sveinspróf í greininni.

TENGLI VIÐ ATVINNULÍFIÐ

Handverksskólinn leggur mikla áherslu á tengsl við atvinnulífið.

Í vinnustaðanámi háriðna fylgir kennari nemendum eftir út á stofur þar sem þeir hljóta skipulega æfingu í ákveðnum verkþáttum. Meistarar skrifa skýrslur og haldnir eru fundir til að meta stöðuna.


Í útskriftaýningum nemenda er meisturum boðið að borðinu til að vinna með nemum sínum að þemamódeli. Haldnar eru vörुकynningar og námskeið sem nemendum og kennurum er oft boðið að sitja utan skólans.


Gull- og silfursmíði býður fagaðilum að koma og skoða aðstöðuna og verk nemenda til að eiga samtál og efla samskipti.

Kennarar skólans leggja sitt af mörkum til að byggja brú milli skóla og atvinnulífs en betur má ef duga skal. Erfitt reynist fyrir nemendur í fataiðn og gulli að komast á samning hjá meistara en í hársnyrtingu er farið að bera á vöntun nema þar sem mikil fækkun hefur orðið.

Skólastjóri: Ragnheiður Bjarnadóttir







Margmiðlunarskólinn

Margmiðlunarskólinn fór að kenna eftir nýrri námskrá haustið 2015 en þar er boðið upp á nám í leikjahönnun, þrívídd og eftirvinnslu kvikmynda. Skólinn hefur gert samning við Bournemouth University um að nemendur okkar geti sótt um áframhaldandi nám þar ef þeir kjósa að halda áfram og ná sér í BA gráðu.

STARFSMANNAMÁL

Við Margmiðlunarskólann starfa fjórir fastráðnir kennarar, þar hefur líka verið leiðbeinandi til aðstoðar auk þess sem aðilar úr atvinnulífinu koma reglulega inn með styttri og lengri innlagnir og kynningar.

NÁMIÐ

Nú er komin reynsla á nýju námskrána sem hafin var kennsla samkvæmt árið 2015 og því er farið að huga að lagfæringum á því sem betur má fara og stefnt er að því að endurskoða hana fyrir næsta skólaár.

Námið er verkefnadrifið og er reynt að líkja sem mest eftir starfsumhverfi atvinnulífsins. Skólinn er vel tækjum búinn og er góð aðstaða þar svo sem green screen stúdíó og hljóðstúdíó. Lítið sem ekkert er um próf í skólanum heldur byggist allt upp á verkefnaskilum og halda nemendur veglega sýningu á lokaverkefnum sínum í bíó Pardís á útskriftarönninni.

TENGLI VIÐ ATVINNULÍFIÐ

Reglulega koma kennarar úr atvinnulífinu í heimsókn í skólann með innlegg og fyrirlestra. Sömuleiðis hafa nemendur unnið einhver verkefni í tengslum við atvinnulífið.

Skólastjóri: Ragnhildur Guðjónsdóttir



Meistaraskólinn

Í Meistaraskólanum er í boði nám til iðnmeistara í öllum iðngreinum utan matvælagreinanna. Farið var að kenna samkvæmt nýrri námskrá í Meistaraskólanum haustið 2016 og því búið að útskrifa fyrsta hópinn sem hóf nám á þeirri námskrá.

Góð aðsókn hefur verið í Meistaraskólann undanfarið og fullt hefur verið í nánast alla hópa síðan farið var að kenna samkvæmt nýrri námskrá og færri komast að en vilja.

STARFSMANNAMÁL

Í Meistaraskóla er enginn fastur starfsmaður fyrir utan skólastjóra. Kennarar meistaraskólans eru flestir verktakar úr atvinnulífinu með sérfræðipækkingu á því sviði sem þeir eru að kenna.


NÁMIÐ

Markmið námsins er að verðandi iðnmeistarar öðlist þekkingu og færni til að stofna og reka iðnfyrirtæki. Þekki réttindi og skyldur iðnmeistara og geti annast mat á námi og kennslu iðnnema. Námið fer fram í fjarnámi með tveim staðlotum á hverri önn sem skyldumæting er í.

TENGL VIÐ ATVINNULÍFIÐ

Tengsl við atvinnulífið felast aðallega í því að kennarar koma úr atvinnulífinu.

Skólastjóri: Ragnhildur Guðjónsdóttir



Raftækniskólinn

Raftækniskólinn er með grunnnám rafíðna, rafvirkjun og rafeindavirkjun á Skólavörðuholti en í Hafnarfirði er einnig kennt í grunnnámi rafíðna. Jafnframt er Raftækniskólinn í samstarfi við Stúdíó Sýrland og eru þar tvær brautir, annarsvegar hljóðtækni og hinsvegar kvikmyndatækni.

Einnig byrjaði Raftækniskólinn með dreif/kvöldnám fyrir tveimur árum sem byggt er upp sem verkefnastýrt nám og kallað „Nám með vinnu“. Viðtökur við dreifnáminu hafa farið fram úr björtustu vonum.

Verið er að þróa nýja braut í rafvélavirkjun en sú braut koðnaði niður í kring um hrúnið og við endurskoðun hefur komið í ljós að ekki er verjandi að setja hana af stað nema með gagngerrri endurskoðun. Hefur sú vinna farið af stað með íhlutun SART og Fræðsluskrifstofu rafíðnaðarins.

Nám í kvikmyndasýningastjórnun hefur lagst af þar sem miklar breytingar hafa orðið á eðli kvikmyndasýninga.

Unnið var að því að klára nýja braut í símsmíði um vorið 2017 en enn hefur ekki verið innritað á þá braut þar sem engar umsóknir hafa borist. Líkleg skýring er nafnið sem er ekki í takt við tímann. Símsmíði er löggild iðngrein.

Heildar nemendafjöldi er að jafnaði nálægt 260 og hefur heldur farið fjölgandi undanfarin misseri. Skólinn hefur verið að þróa verkefnastýrt nám og þó sumt hafi gengið brösulega þá er ljóst að safnast hefur upp mikil reynsla sem hægt er að móða úr við framtíðarplön. Ragnhildur Lárusdóttir mastersnemi í kennslufræði hefur unnið mastersritgerð um þessar tilraunir og verður unnið úr þekkingu sem hefur áunnist til að grundvalla breytt kennsluform og aðra nálgun í kennslu en verið hefur. Það er fyrst og fremst til að skólinn geti mætt öllum nemendum þar sem þeir eru staddir, hver nemandi geti unnið á sínum hraða og markmiðið er að námið verði meira fræðandi, áhugaverðara og gefandi en hefðbundin nálgun.

STARFSMANNAMÁL

Kennarar og leiðbeinendur eru 26 og eru þar 18 fastráðnir kennarar, 7 leiðbeinendur og þar af tveir verktakar. Einnig er einn laborant í hálfu starfi og skólustjóri. Talsvert margir eldri kennarar létu af störfum haustið 2016 – haust 2017 og hefur tekist að manna allar stöður.

NÁMIÐ

Í Raftækniskólanum er veitt menntun í fimm iðngreinum: rafvirkjun, rafvélavirkjun, rafveituvirkjun og rafeindavirkjun. Grunnnám rafíðna er 120 einingar og tekur að jafnaði 4 annir í skóla. Nemendur sem innritast í sérnám til sveinsprófs í rafeindavirkjun, rafveituvirkjun, rafvélavirkjun og rafvirkjun þurfa að hafa lokið grunnnámi rafíðna. Nám til sveinsprófs í rafíðngreinum tekur að jafnaði 4 ár með grunnnámi rafíðna og starfsþjálfun í sex til tólf mánuði eftir brautum. Raftækniskólinn býður upp á hraðferð í grunnnámi rafíðna. Sú braut er ætluð nemendum sem lokið hafa stúdentsprófi á náttúrufræðibraut eða sambærilegt nám og tekur tvær annir í stað fjögurra.

Raftækniskólinn hefur jafnframt boðið upp á nám fyrir rafvirkja sem vilja klára rafveituvirkjun eða rafvélavirkjun. Það nám er í formi dreifnáms (fjarnáms) og er um að ræða 8–10 einingar ofan á rafvirkjanámið.

Mikil skörun er milli starfa í rafveituvirkjun, rafvélavirkjun og rafvirkjun og námið því að

stórum hluta sameiginlegt. Sérhæfing hverrar greinar á sér aðeins stað á lokaönn námsins sem og í starfsþjálfun á vinnustað.

Raftækniskólinn í samvinnu við Stúdíó Sýrland standa fyrir kennslu í hljóðtækni og kvikmyndatækni. Hljóðtækni er 90 eininga nám, kennt vor, sumar og haust og geta nemendur þannig klárað námið á einu ári. Nemendur sem sækja um hljóðtækni þurfa að hafa lokið 60 einingum í framhaldsskóla og hafa reynslu eða menntun á sviði tónlistar. Nýlega var stofnað til náms í kvikmyndatækni. Sú braut var fyrst undir Upplýsingatækniskólanum en færðist undir Raftækniskólann í janúar 2017. Kvikmyndatækni er 174 einingar og tekur námið 4 annir. Gert er ráð fyrir að nemendur komi inn með amk 44 eininga grunn og klári kvikmyndatæknina hjá skólanum upp á 130 einingar.

Fyrsti hópur nemenda í kvikmyndatækni var útskrifaður vorið 2017. Haustið 2017 var ákveðið í ljósi reynslunnar að endurskrifa námskrá fyrir kvikmyndatækni og gera talsverðar áherslubreytingar. Fyrst og fremst er það til þess að leggja aukna áherslu á „tæknina“ í kvikmyndaiðnaði og gera þessa braut eins vel úr garði og hægt er.


TENGLI VIÐ ATVINNULÍFIÐ

Raftækniskólinn er í góðu sambandi við atvinnulífið og hefur sú tenging heldur verið að aukast. Stórar gjafir hafa borist t.d. frá Securitas í formi öryggisefirlitskerfa, stýribúnaður frá Rönning einnig stýribúnaður frá Ískraft fyrir utan ýmisskonar stuðning og aðstoð sem birgjar og fyrirtæki veita. Þar má nefna heimsóknir nemenda til fyrirtækja og taka nemendur í rafögnum til dæmis námskeið hjá Ískraft í ljósleiðaratækni. Andvirði gjafa á árinu hefur numið nálægt 5 milljónum.

Einnig hefur komist á gott samstarf við ROC van Twente í Hengelo í Hollandi og hafa þeir aðstoðað við að skaffa nemapláss í Hollandi sem er ómetanlegt. Einnig hefur Raftækniskólinn hlutast til um að nemendur frá Hengelo komi til Íslands í nokkrar vikur í starfsþjálfun. Nemendur fara erlendis í heimsóknir og er Raftækniskólinn í góðu sambandi við Jobelmannschule í Þýskalandi, ROC van Twente í Hollandi og framhaldsskóla í Álaborg.

Skólastjóri: Valdemar G. Valdemarson







Skipstjórnarskólinn

Skipstjórnarskólinn annast kennslu í greinum skipstjórnar til alþjóðlegra réttinda, allt frá skemmtibátum til farskipa að ótakmarkaðri stærð og farsviði, og til stúdentsprófs. Auk þess annast skólinn kennslu allra réttindatengdra námskeiða fyrir skipstjórnarmenn.

Skólinn er kjarnaskóli í skipstjórn og eini skólinn á landinu sem býður þetta nám. Skólinn á sér langa sögu, alveg aftur til 1891 með stofnun Stýrimannaskólans í Reykjavík.

Skólinn er viðurkenndur af IMO, Alþjóða siglingamálastofnuninni, og gefa hérlend samgönguyfirvöld út alþjóðlega viðurkennd skírteini eftir nám í skólanum.

STARFSMANNAMÁL

Við Skipstjórnarskólann störfuðu fjórir kennarar í fullu starfi á árinu og sex stundakennarar. Auk þess var skólinn í samstarfi við Tæknimenntaskólann um að kenna nokkra áfanga skólans á árinu.

NÁMIÐ

Skipstjórnarnám skiptist í meginatriðum í sjö námsstig sem að námi loknu veita hvert um sig, að öðrum skilyrðum uppfylltum, rétt til að fá útgefið skírteini til starfa sem skipstjórnarmaður. Fyrstu tvö námsstigin veita réttindi til að stjórna skemmtibátum (skemmtibátanámskeið) og til að stjórna smáskipum (smáskipanámskeið). Næstu fjögur veita stighækkandi atvinnuréttindi, þ.e. A-réttindi (tvær annir), B-réttindi (fjórar annir), C-réttindi (sjö annir) og D-réttindi (átta annir). Sjöunda námsstig er skipherra á varðskipi. Námi til C-réttinda lýkur jafnframt með stúdentsprófi.

Námið er í áfangakerfi og er bæði bóklegt og verklegt. Kennsla fer fram í húsum skólans á Háteigsvegi í Reykjavík. Að auki er boðið upp á fjarnám (dreifnám) í allflestum áföngum til allra skipstjórnarréttinda.

Á árinu voru teknir í notkun nýir hermar fyrir kennslu í fjarskiptum og stjórnataka í brú. Hermarnir eru allir hinir glæsilegustu og koma í stað eldri herma. Húsnæðið fyrir hermana var endurnýjað frá grunni og er aðstaða nú mjög góð fyrir þessa kennslu.

TENGLI VIÐ ATVINNULÍFIÐ

Nemendur úr skipstjórnarskólanum starfa sem skipstjórnarmenn, stýrimenn og skipstjórar, á öllum gerðum skipa, hérlendis sem og erlendis, mismunandi eftir námi og réttindum. Þar sem nemendur fá stigvaxandi atvinnuréttindi á meðan á námi stendur þá fara þeir gjarnan út í atvinnulífið og koma aftur síðar til áframhaldandi náms og réttinda. Nemendur vinna einnig gjarnan með námi við greinar sem tengjast faginu. Þannig myndast góð tengsl kennara, nemenda og atvinnulífs.

Skólinn hefur alla tíð notið velvildar fyrirtækja og er alltaf vel tekið á móti nemendahópum sem fara í tugi heimsóknna á hverju ári í ýmis fyrirtæki sem tengjast sjávarútvegi.

Skólastjóri: Jón Hjalti Ásmundsson





Tæknimenntaskólinn

Bóklegar, almennar greinar eru stofn skólans. Námið skiptist í fimm leiðir í Tæknimenntaskólanum og því er fjölbreytt flóra nemenda í skólanum. Brautirnar eru: hönnunar- og nýsköpunarbraut, náttúrufræðibraut með sérhæfingu í tækni, almenn námsbraut fyrir nýbúa, starfsnámsbraut og starfsbraut sérnám

Námstími er 1–4 ár. Við lok náms eru fjölbreyttar leiðir í boði, ýmist til framhaldsnáms í viðeigandi sérgrein eða til atvinnu.

Ennfremur er það hlutverk Tæknimenntaskólans að gera nemendum allra undirskóla Tækniskólans kleift að útskrifast með stúdentspróf frá Tækniskólanum. Það gerir Tæknimenntaskólinn með tvennum hætti. Annars vegar með framboði og kennslu í bóklegum greinum á efri þrepum sem eru kjarni stúdentsprófa en nemendur útskrifast sem stúdentar beint frá öðrum undirskólum núna að frumkvæði og aðlögunarferli skólastjóra Tæknimenntaskólans. Þessu var breytt á árinu 2017. Hins vegar útskrifar Tæknimenntaskólinn sjálfur stúdenta af hönnunar- og nýsköpunarbraut, gömlu hönnunarbraut, og náttúrufræðibrautum með sérhæfingu í tækni.

Haustið 2015 stækkaði Tæknimenntaskólinn mikið, nánast um helming. Við sameiningu Iðnskólans í Hafnarfirði. Önnur sameining varð haustið 2015 en þá var Fjölmenningskólinn sameinaður Tæknimenntaskólanum og þá bættust við þrjár námsbrautir, starfsbraut sérnám (einhverfudeild), starfsnámsbraut (sérnámsbraut) og nýbúabaut. Auk þess heyrir nú samvinnuverkefni við Janus endurhæfingu ehf. undir Tæknimenntaskólann. Við sameiningu Iðnskólans í Hafnarfirði og Tækniskólans var hönnunarbrautin tekin út úr Hönnunar- og handverksskólanum og starfaði hún sjálfstætt undir stjórn aðstoðarskólameistara frá hausti 2015 til vors 2016. Haustið 2016 fór hönnunar- og nýsköpunarbraut undir Tæknimenntaskólann en um er að ræða bæði stúdentsleið sem hægt er að ljúka á þremur árum og hins vegar eins árs fornám fyrir nemendur með stúdentspróf.

STARFSMANNAMÁL

Við Tæknimenntaskólann eru 51 kennari og allir með kennsluréttindi í aðalkennslugrein, fimm þroskaþjálfar og fjórir stuðningsfulltrúar. Samtals 60 starfsmenn.

Í þessum stærsta undirskóla Tækniskólans eru fimm brautarstjórar og fjórir fagstjórar.

Brautarstjórnir 2017 voru: Fjölur Ásbjörnsson starfsnámsbraut, Guðlaug Kjartansdóttir nýbúabaut, Helga Guðrún Helgadóttir hönnunar- og nýsköpunarbraut, Rósa Hrönn Árnadóttir starfsbraut-sérnám, Sæberg Sigurðsson náttúrufræðibrautir, Þórdís Zoëga hönnunar- og nýsköpunarbraut.

Fagstjórar eru í stærstu kjarnagreinum voru: Katrín Jóna Svavarsdóttir í íslensku, Sigríður Halldóra Pálsdóttir í erlendum tungumálum og Úlfar Harri Elíasson og Þorsteinn Kristján Jóhannsson í raungreinum og stærðfræði.

Skólastjóri Tæknimenntaskólans hefur lagt á það áherslu að huga að hverjum starfsmanni og tekið reglulega starfsþróunarsamtöl við þá. Það er mjög mikilvægt til þess að hrósa þeim sem gengur vel og sinna kennslu af alúð og virðingu, og fá upplýsingar um hvernig kennaranum líður í starfinu. Einnig til að grípa inn í ef eitthvað misferst.

NÁMIÐ

HÖNNUNAR- OG NÝSKÖPUNARBRAUT - STÚDENTSLEIÐ/FORNÁM

Markmið brautarinnar er að búa nemendur undir hönnunar- og tæknitengdar greinar á háskólastigi. Náminu lýkur með stúdentsprófi og er ætlað að brúa bil á milli verklegar

og tæknilegrar þekkingar og aðferða í hönnun þar sem unnið er með hönnunarferli í lausnaleyti. Einnig er í boði fornam fyrir þá nemendur sem þegar hafa stúdentspróf, en vantar undirbúning fyrir háskólanám í hönnunar- eða tæknitengdum greinum. Útskrifaðir nemendur af hönnunar- og nýsköpunarbraut eiga góða möguleika á að komast inn í listaháskóla bæði á Íslandi og erlendis.

NÁTTÚRUFRÆÐIBRAUTIR MEÐ SÉRHFINGU Í TÆKNI - FLUGTÆKNI/RAFTÆKNI/TÖLVUTÆKNI/VÉLTÆKNI

Aðaláhersla allra náttúrufræðibrauta er stærðfræði og raungreinar. Velja þarf sérsvið eða tækni á öðru eða þriðja námsári til að ljúka stúdentsprófi, til dæmis í flugtækni, raftækni, tölvutækni, véltækni eða þeirri tæknigrein sem í boði er á hverjum tíma.

ALMENN NÁMSBRAUT FYRIR NÝBÚA

Í skólanum er öflugt tveggja ára nám fyrir nýbúa. Boðið er upp á fjölbreytt úrval íslensku-áfanga til undirbúnings fyrir nám í íslenskum framhaldsskólum þar sem allt nám er kennt á íslensku. Haustið 2017 voru öll fjögur stig nýbúabrautar sameinuð á Skólavörðuholti en helmingur námsins hafði farið fram á Háteigsvegi. Tækniskólinn er eini framhaldsskóli landsins sem býður sérstaka námsbraut fyrir nýbúa og hefur hlotið mikið lof fyrir. Umsækjendahópurinn fer sífellt stækkandi. Nú eru eingöngu nemendur á aldrinum 16–25. Skólastjóri, brautarstjóri og kennarahópurinn á braut hafa bent á nauðsyn þess að auka námið með nokkrum leiðum. Skólastjórinn hefur ásamt skólameistara farið á fund í menntamálaráðuneytinu vegna þessara hugmynda.

STARFSNÁMSBRAUT

Brautin er ætluð nemendum sem stundað hafa nám í sérdeildum grunnskóla eða notið mikillar sérkennslu á grunnskólastigi. Brautin er kennd bæði á Skólavörðuholti og í Hafnarfirði og eru verk- og listgreinar breytilegar eftir því á hvorum staðnum nám er stundað. Á brautinni eru almennar, bóklegar greinar en sérstaða brautarinnar er verklegi hluti námsins, þar sem nemendum gefst tækifæri til að kynnst minnst þremur verk-, iðn- eða listgreinum.

STARFSBRAUT - SÉRNÁM

Starfsbraut sérnám. Árið 2017 voru sex nemendur með miklar og flóknar þjónustuþarfir í einstaklingsmiðuðu fjögurra ára námi á þessari braut. Til að sinna þeim voru níu starfsmenn, þroskaþjálfar og stuðningsfulltrúar. Þessi braut er með einstaklingsmiðað námsúræði ætlað nemendum með verulegan hegðunar- og námsvanda.

ALMENNAR NÁMSGREINAR TÆKNIMENNTASKÓLANS - ÞVERT Á ALLAR BRAUTIR

Bóklegar, almennar greinar eru stofn skólans. Kennarar Tæknimenntaskólans hafa að leiðarljósi að bjóða nemendum framúrskarandi nám, nýta tölvu- og upplýsingatækni við kennslu og hafa mannlega þáttinn í hávegum.

TENGLI VIÐ ATVINNULÍFIÐ

Janus endurhæfing ehf. er endurhæfingarúrræði í skólanum fyrir einstaklinga sem vegna heilsubrestra eru eða hafa þurft að hverfa frá vinnumarkaðnum eða úr námi en vilja komast aftur út í atvinnulífið. Þjónustan er tengd Tæknimenntaskólanum varðandi kennslu og ýmsa þjónustu en starfar að öðru leyti sjálfstætt.

Tæknimenntaskólinn hefur áfram umsýslu með almennu námi fyrir raunfærninemendur. Fyrir það starf hefur Tæknimenntaskólinn og kennarar hans fengið mikið hrós, bæði frá nemendum sem og samvinnustofnununum Iðunni – fræðslusetri og Fræðsluskrifstofu rafíðnaðarins. Námsframboðið fyrir raunfærninemendur miðast við almennu greinarnar

sem iðnaðarmenn þurfa að ljúka fyrir sveinspróf og kennslufyrirkomulagið er í lotum.

Starfsmenn Tæknimenntaskólans eru í sambandi við háskólana á höfuðborgarsvæðinu, bæði HR og HÍ, um þær kröfur sem þar eru uppi til að geta undirbúið nemendur af öryggi fyrir háskólanám.


Á hönnunar- og nýsköpunarbraut fara kennarar með nemendur út í atvinnulífið við vinnu ýmissa verkefna, á söfn og sýningar, Nýsköpunarmiðstöð, Fablab svo dæmi séu tekin.

Almennir kennarar eru einnig duglegir við að tengja við atvinnulífið. Sem dæmi hafa nemendur með kennurum mismunandi greina farið á Veðurstofuna, í leikhúsin, Umhverfisstofnun, sýningar, Grasagarðinn, Jafnréttisstofu, Hitt húsið, alþingi, Bíó-Paradís, slóðir Njálu/Egilssögu/Kjalnesingasögu, Kjarvalsstaði og svo framvegis.

Þroskaþjálfar á starfsbraut-sérnámi fara með þá nemendur sem best gengur í starfsþjálfun út í fyrirtæki, sem dæmi hafa nemendur farið í starfsþjálfun í Ikea, N1, MS.

Skólastjóri: Kolbrún Kolbeinsdóttir





Upplýsingatækniskólinn

Upplýsingatækniskólinn menntar fólk til starfa við nútíma fjölmiðlun og tölvutækni. Þar fer fram skapandi nám sem byggir á hönnun og hugmyndavinnu, tekur mið af nýjum tímum og nýrri tækni.

Námið í Upplýsingatækniskólanum nýtist bæði sem undirbúningur fyrir framhaldsnám á háskólastigi eða sem fullgild menntun í löggiltum iðngreinum.

Mikil þörf er fyrir tæknimenntað fólk í þjóðfélaginu. Nemendur sem útskrifast frá Upplýsingatækniskólanum eiga greiða leið í frekara nám á háskólastigi og eru eftirsóttir starfskraftar í atvinnulífinu. Allar greinar skólans eiga það sameiginlegt að nemendur vinna að raunverulegum úrlausnarefnum í náminu og eru vel þjálfaðir þegar út á vinnu- markaðinn er komið.

Kennsla Upplýsingatækniskólans fer að mestu leyti fram í Vörðuskóla Skólavörðuholti en líka í Hafnarfirði.

STARFSMANNAMÁL

Við Upplýsingatækniskólann árið 2017 störfuðu 26 kennarar í fullu starfi, en einnig voru nokkrir stundakennarar sem kenndu líka skólanum.

NÁMIÐ

Upplýsingatækniskólinn býður nám bæði í iðngreinum og tvær stúdentsleiðir.

Eftirfarandi iðngreinar eru kenndar við skólann: bókband, grafíska miðlun, ljósmyndun og prentun. Nemandi útskrifast úr viðkomandi iðngrein með prófskírteini sem vottar að hann hafi lokið burtfararprófi frá framhaldsskóla sem krafist er til að geta hafið starfsþjálfun í fyrirtæki. Náms tíminn er mismunandi eftir því hvaða iðngrein er valin. Fagstjóri á þessum brautum er: Svanhvít Stella Ólafsdóttir.

Upplýsingatækniskólinn býður líka upp á tvær leiðandi stúdentsleiðir, tölvubraut og K2. Markmið tölvubrautar er að nemendur öðlist haldgóða þekkingu á sem flestum sviðum tölvutækninnar. Nám á tölvubraut spannar breitt svið tölvunar- og kerfisfræði eins og: forritun, hugbúnaðarfræði, kerfisstjórnun, vesþróun, viðmótsþróun, gagnasafnsfræði, mekatronik og leikjagerð. Tölvubrautinni er ætlað að vera ávallt í forystu í kennslu tölvufræða á framhaldsskólastigi í íslenskum framhaldsskólum. Fagstjóri á tölvubrautinni er Emil Gautur Emilsson.

K2, tækni- og vísindaleiðin er nám sem er sérhannað fyrir nemendur sem vilja öflugan undirbúning fyrir háskólanám. Námsbrautin heitir K2, með skírskotun í næsthæsta fjallstind heims. Nafnið vísar í einstaka áskorun í námi með krefjandi námsfyrirkomulagi og áherslu á verkefna miðaða vinnu. Hverri önn er skipt upp í þrjár lotur þar sem tveir áfangar eru kenndir í senn. Námið er skipulagt í samstarfi við Háskólann í Reykjavík (HR). Verkefnastjóri á K2 er Nanna Traustadóttir.

TENGLI VIÐ ATVINNULÍFIÐ

Mikið og gott samstarf er við atvinnulífið það sem viðkemur námi í grafískri miðlun, prentun og bókbandi. Nemendur fara í hefðbundnar kynningar heimsóknir í fyrirtækin í iðngreininni í grunnnáminu. Einnig fara nemendur í grafískri miðlun inn í mismunandi fyrirtæki og fá að vinna þar í einn dag. Einnig fara nemendur í ljósmyndun inn í mismunandi fyrirtæki eftir sviðum ljósmyndunar.

Sérsviðin í prentun og bókbandi eru að stórum hluta kennd í samstarfi við atvinnulífið og fara nemendur nokkrar vikur í senn í mismunandi fyrirtæki. Þar er gerður samningur við fyrirtækin gegn greiðslu og fylgja gátlistar nemendum þar inn í fyrirtækin sem hvert fyrirtæki á að sjá um að uppfylla gagnvart nemendum.

Fyrirtækið PIXEL gaf Upplýsingatækniskólanum plotterprentara sem þeir voru hættir að nota og gagnast hann deildinni mjög vel. Stéttafélagið Grafía og Iðan fræðslusetur styrkja útgáfu tímarits sem nemendur í grafískri miðlun vinna sem lokaverkefni á hverri önn. Nemendur dreifa tímaritinu inn í hin ýmsu fyrirtæki í iðngreininni og kynna þá sjálfan sig í leiðinni og margir sækja um vinnu/starfsþjálfunarsamning í kjölfarið.

Á hverri önn koma Stéttafélagið Grafía og Iðan fræðslusetur og halda kynningar fyrir nemendur á starfsemi sinni.

Nemendur af K2 gera lokaverkefni sín í samstarfi við atvinnulífið og á seinasta ári unnu nemendur lokaverkefni hjá Lýsi og Össur. Þar fengu nemendur að leysa krefjandi og raunhæf verkefni.

Skólastjóri: Guðrún Randalín Lárusdóttir





Segðu
mér brandara.

Rexel

Cut
spro

Mak. 20 sheets Mak. 10 sheets Mak. 5 sheets

CANADIAN MAPLE SYRUP

To Do

Doing

Done



Vefskólinn

Vefskólinn tók til starfa haustið 2015 og var þá alveg nýtt nám á Íslandi. Námskráin hefur verið í stöðugri þróun síðan skólinn tók til starfa og áfangar verið færðir milli anna, stækkaðir eða minkaðir eftir því sem reynslan sýnir að henti náminu best. Skólinn hefur verið með samning við KEA í Danmörku um að nemendur hans geti sótt um skólavist þar að loknu diploma námi kjósi þeir að halda áfram til og ljúka BA gráðu.

STARFSMANNAMÁL

Við skólann eru í dag eingöngu tveir fastir starfsmenn en þeir hafa með sér verktaka úr atvinnulífinu sem ýmist sjá um áfanga í heild eða koma inn með styttri innlegg.

NÁMIÐ

Í Vefskólanum er kennd Vefþróun sem er eina námið hér á landi sem sameinar kennslu í vefhönnun, viðmóti og vefforritun. Það hentar því einstaklega vel þeim sem hafa mikinn áhuga á allhliða veflausnum.

Kennslan fer mikið fram með verkefnavinnu og eru til dæmis tvær verkefnalotur inni í náminu. Sumir kúrsar eru kenndir í lotum og nemendur þá kannski bara í einu fagi í eina til þrjár vikur en önnur fög eru dreyfð yfir önnina, allt eftir því hvað hentar náminu best.

Nemendur á lokaönn námsins hafa farið í námsferð til Danmerkur þar sem þeir geta kynnt sér bæði skóla og atvinnulíf.

TENGLI VIÐ ATVINNULÍFIÐ

Áhersla er á mikil tengsl við atvinnulífið og vinna nemendur oft verkefni í tengslum við atvinnulífið og fara jafnvel í stutta starfsþjálfun á seinna árinu sínu. Sömmuleiðis hefur nemendum staðið til boða að sækja fyrirlestra hjá Samtökum vefiðnaðarins SVEF.

Skólastjóri: Ragnhildur Guðjónsdóttir

A man in a workshop is using a power tool, likely a grinder, which is producing a large amount of bright sparks. He is wearing safety glasses, yellow earmuffs with 'PE-TOP' branding, and dark gloves. He is wearing a dark, heavy-duty work jacket. The background shows a workshop environment with a red machine labeled 'KEMPP' and a wheel hanging on the wall. The lighting is dramatic, with the sparks creating a bright, glowing effect against the darker background.

Véltækniskólinn

Véltækniskólinn annast kennslu í greinum vélstjórnar til alþjóðlegra réttinda, allt frá vélavörslu á minni bátum til vélstjórnar á fiski- og farskipum að ótakmarkaðri stærð og farsviði, og til stúdentsprófs. Skólinn annast einnig kennslu í vélvirkjun, stálmíði og rennismíði, auk kennslu allra réttindatengdra námskeiða fyrir vélgæslumenn.

Skólinn er kjarnaskóli í vélstjórn og annar af tveimur viðurkenndum skólum á landinu sem býður þetta nám. Skólinn á sér langa sögu, alveg aftur til 1915 með stofnun vélstjórnardeildar við Stýrimannaskólann í Reykjavík.

Skólinn er viðurkenndur af IMO, Alþjóða siglingamálastofnuninni, og gefa hérland samgöngufirvöld út alþjóðlega viðurkennd skírteini eftir nám í skólanum.

STARFSMANNAMÁL

Við Véltækniskólann störfuðu 18 kennarar í fullu starfi á árinu, 1 var í hálfu starfi og 1 stundakennari. Auk þess var skólinn í samstarfi við bæði Tæknimenntaskólann og Raf-tækniskólann um að kenna nokkra áfanga skólans á árinu.

NÁMIÐ

Véltjórnarnám skiptist í meginatriðum í sex námsstig sem að námi loknu veita hvert um sig, að öðrum skilyrðum uppfylltum, rétt til að fá útgefið skírteini til starfa sem vélstjóri. Fyrstu tvö námsstigin eru vélgæsla í tveimur stærðarflokkum skipa. Hin fjögur veita stighækkandi atvinnuréttindi, þ.e. A-réttindi (tvær annir), B-réttindi (sex annir), C-réttindi (átta annir) og D-réttindi (tíu annir). Nám til B-réttinda er jafnframt nám til burtfararprófs í vélvirkjun, og námi til C-réttinda lýkur með stúdentsprófi.

Nám í málm- og véltæknigreinum (rennismíði, stálmíði og vélvirkjun) er þriggja til fjögurra ára nám (með starfsþjálfun). Boðið er upp á stúdentsleiðir samhliða eða sem beint framhald af þessum námsbrautum sem bætir einni eða tveimur önnum við námið.

Námið er í áfangakerfi og er bæði bóklegt og verklegt. Kennsla fer fram í húsum skólans á Háteigsvegi í Reykjavík og á Flatahrauni/Gjótuhrauni í Hafnarfirði. Að auki er boðið upp á fjarnám (dreifnám) í öllum áföngum til vélstjórnarréttinda A og í mörgum bóklegum áföngum allra námsbrauta.

Á árinu var tekinn í notkun nýr vélarúmshermir sem auðveldar kennslu við því sem næst raunverulegar aðstæður í vélarrúmum skipa. Hermirinn er hinn glæsilegasti og kemur í stað eldri hermis. Jafnframt var húsnæðið undir herminn endurnýjað.

TENGLI VIÐ ATVINNULÍFIÐ

Nemendur úr vélstjórn geta starfað um allan heim á skipum hvort heldur er við fiskveiðar, flutninga eða á stærstu farþegaskipum, að öðrum kröfum uppfylltum. Þar sem nemendur fá stigvaxandi atvinnuréttindi á meðan á námi stendur þá fara þeir gjarnan út í atvinnulífið og koma aftur síðar til áframhaldandi náms og réttinda. Nemendur vinna einnig gjarnan með námi við greinar sem tengjast faginu. Nemendur úr vélvirkjun, stálmíði og rennismíði geta tekist á við fjölbreytt verkefni á sviði vél- og málm-tækni, hvort sem er hérlandis eða erlendis. Eins og í öðru verknámi er starfsþjálfun hluti námsins og eru margir nemendur á starfssamningi á meðan á námi stendur, eða vinna við störf sem tengjast faginu. Þannig myndast góð tengsl kennara, nemenda og atvinnulífs.


Nemendur Véltækniskólans og Skipstjórnarskólans skipuleggja árlega Skrúfudaginn á Háteigsvegi í samvinnu við kennara og stjórnendur skólans. Á þessum degi er almenningi

boðið í húsið og starfsemin kynnt fyrir gestum og gangandi. Kynningar eru frá fyrirtækjum sem tengjast skólanum og náminu, einnig hefur Blóðbankabíllinn verið á staðnum og kynningar frá björgunarsveitunum.

Skólastjóri: Jón Hjalti Ásmundsson







Kjarnaskólahlutverk TS

Samkvæmt þjónustusamningi Tækniskólans, skóla atvinnulífsins við Mennta- og menningarmálaráðuneytið þá er Tækniskólinn kjarnaskóli í skipstjórnar- og vélstjórnargreinum. Tækniskólinn hefur lagt sig fram um að rækja það hlutverk af alíð og samvisskusemi.

Helstu verkefni Skipstjórnar- og Vélstjórnarskólanna sem kjarnaskóla á undanförunum árum hafa verið margvísleg og tengst fjölbreyttum verkefnum. Meginverkefni hafa annars vegar verið samstarf og ráðgjöf til innlendra skóla og hins vegar samstarf við stjórnvöld um réttindamál og þróun náms.

Síðustu tvö ár hefur mest farið fyrir frágangi nýrra námsbrauta í skipstjórnar- og vélstjórnargreinum sem lagðar voru inn í samþykktarferli á fyrri hluta ársins. Kynningarfundir voru svo haldnir fyrir skóla og stjórnvöld um haustið. Í þeirri vinnu voru nýjustu menntunarkröfur samkvæmt samþykktum IMO og STCW yfirfarnar og innleiddar.

Skipstjórn er að stærstum hluta eingöngu kennd hjá Skipstjórnarskólanum en aðrir skólar hafa kennt byrjunaráfanga og fullorðinsfræðslu- og endurmenntunaraðilar hafa boðið námskeið í fyrstu réttindum. Skipstjórnarskólinn hefur veitt þeim mikilvæga aðstoð og samvinna verið góð. Vélstjórn er kennd víða á landinu en einungis VMA, auk Tækniskólans, hefur viðurkenningu IMO til kennslu á því sviði. Í báðum greinum hefur einnig verið boðið upp á raunfærnimat hjá viðurkenndum fræðsluáðilum og hefur Tækniskólinn aðstoðað við það og skilgreint kröfur til þess mats. Tækniskólinn hefur því gegnt mikilvægu hlutverki sem kjarnaskóli í að gera öðrum skólum kleift að halda úti kennslu í þessum greinum, sérstaklega með tilliti til þeirra alþjóðakrafna sem að náminu lúta. Aðrir skólar hafa einnig getað nýtt aðstöðu og tækjabúnað Skipstjórnar- og Vélstjórnarskólans og hafa kennarar skólanna gjarnan kennt ákveðna þætti fyrir aðra skóla, bæði í Reykjavík og hjá skólunum sjálfum í þeirra heimabyggð.

Skólarnir hafa í gegnum tíðina boðið kennurum og öðrum starfsmönnum annarra skóla sem kenna skipstjórnar- og vélstjórnargreinar til heimsóknna til að kynna starfsemi og einnig hafa skólastjóri og kennarar farið í skólaheimsóknir til að fá yfirlit um starfið í skólum sem kenna þessar greinar. Þar næst mikilvægt samband og kennarar kynna þvi hvernig staðið er að kennslu í einstökum greinum.

Skólarnir eru í tengslum við erlenda skóla á sama fagsviði og hafa skólastjórar og kennarar til dæmis farið í heimsóknir til Finnlands, Danmerkur og Noregs til að kynna hvernig staðið er að menntun stýrimanna og vélstjóra í þessum löndum. Skólarnir eru einnig í tengslum við háskóla, bæði héraendis og erlendis, en nokkuð er um að nemendur haldi til frekara náms og því er mikilvægt að námsframboð sé við hæfi og í stöðugri endurskoðun með tilliti til þess. Fagkennarar skólans sækja reglulega fagfundi, svo sem til framleiðanda siglinga- og vélhermanna, og kappkosta að nýta þau sambönd og upplýsingar sem þar fást til að auka þekkingu sína og annarra kennara í faglegu starfi. Skólarnir eru einnig í góðu sambandi við atvinnulífið, hagsmunaaðila, einstaklinga og starfsgreinaráð um ýmsa þætti menntunarinnar.

Gott samstarf hefur verið við Samgöngustofu varðandi ýmsa þætti er lúta að IMO og er ráðgefandi varðandi menntunartig og réttindaútgáfu stofnunarinnar.

Tækniskólinn hefur ekki haldið sérstaklega utan um ráðstöfun fjármuna vegna verkefnis kjarnaskóla þar sem mjög erfitt er að meta til fjár margt af því sem skólinn gerir og tengist hlutverki hans sem kjarnaskóla beint eða óbeint.

Tækniskólinn lítur svo á að hann rækti vel það mikilvæga hlutverk að vera kjarnaskóli og telur að hlutverk skólans sé vel metið af samstarfsskólum.




Fámennar námsbrautir

Tækniskólinn hefur þá skyldu samkvæmt þjónustusamningi dags, 18/03/2013 „að halda uppi kenningu á fámennum námsbrautum“ fær til þess sérstakt framlag. Framlagið skal mæta kostnaði við starfrækslu brautanna sem er unframt það sem reiknilíkan framhaldsskólanna ætlar til þeirra.

Á tímabili nágildandi þjónustusamnings hafa orðið miklar breytingar á vinnumarkaðnum og það endurspeglast í aðsókn í verk- og tæknináms. Þannig hafa greinar sem voru í ágætis jafnvægi orðið að fámennum greinum sem í raun eru ekki rekstrarhæfar.

Árið 2017 veitti skólinn þjónustu við eftirtaldir fámennar iðngreinar: veggfóðrun og dúklagnir, bókband og prentun. Þjónustan er veitt með ýmsum hætti en algengast er að skólinn semji við fyrirtæki í atvinnulífinu um að þjálfa nemendur í ákveðnum fagþáttum og skólinn greiði fyrir það. Dæmi um slíkt er bókband þar sem samið hefur verið við Þjóðarbókhöðuna um að annast tiltekna fagþætti í handbókbandi undir handleiðslu iðnmeistara í faginu. Prentsmiðjan Oddi og fleiri fyrirtæki hafa síðan kennt vélbókbandið.

Ekki hefur verið haldið sérstaklega utan um kostnaðinn við þessa þjónustu en nokkuð augljóst er að hann er meiri en sú upphæð sem skólanum er ætluð til verksins. Metnaður skólans er að halda úti öllum þeim námsbrautum sem skólinn hefur kennt á undanförunum árum og halda þannig lífi í greinum sem ekki eru mannmargar en nauðsynlegar fyrir atvinnulífið í landinu. Þannig er stuðlað að því að hefðir og handverk tapist ekki því að alkunna er að það er auðveldara að styðja en reisa.



Áfangastjórn

ÁFANGASTJÓRN

Áfangastjóri hefur yfirumsjón með innritun, fjölda nemenda, kennslumagn og skiptingu þess milli skóla. Kennslumagni er úthlutað til skólastjóra sem skipta kennslu innan sinna skóla og leggja grunninn að stundatöflugerðinni. Í samvinnu við Advaníu hefur verið unnið að þróun á töflugerðarhluta Innu með það að markmiði að hver skóli geti verið sjálfstæður í stundatöflugerð og hafa orðið verulegar framfarir á því sviði, einnig er verið að laga stundatöflugerðina betur að verkefnastýrðu námi.

Áfangastjórn hefur umsjón með viðhaldi Innu, náms- og upplýsingakerfi skólans, útgáfu áfanga og brauta, einnig enskum útgáfum burtfararskírteina og nemendaferlunum. Einnig hefur áfangastjórn unnið að þróun nýs kennsluvefs og innritunarvefs Innu í samvinnu við Advaníu.

ÚTGÁFA

Útgáfa á vegum áfangastjórnar er ýmiss, má þar nefna skólablaðið Tækniskólalínan sem er gefið út fjórum sinnum á ári. Þar má finna gagnlegar upplýsingar um þjónustu skólans, námið, val nemenda, mikilvægar dagsetningar og upplýsingar um skólagjöld.

Áfangastjórn hefur umsjón með fyrirlagningu á kennslumati í Innu, heldur utan um námskrár, gefur út myndrænt námsskipulag brauta skólanna og ýmis leiðbeiningarskjöl. Yfirlistsíða yfir allt útgefið efni má nálgast á áfangastjórnarsíðu Tækniskólans sem er á slóðinni: <https://tskoli.is/namsskipulag>.

VIÐVERUSKRÁNING OG SKÓLASÓKN

Til viðbótar við það starf sem unnið er í samvinnu við námsráðgjafa vegna eftirlits með skólasókn og námsárangri sendir áfangastjórn vikulega yfirlit til skólastjóra með upplýsingum um óskráða viðveru. Á föstudögum er öllum nemendum ásamt forráðamönnum nemenda undir 18 ára sent yfirlit yfir skólasókn annarinnar í tölvupósti.

RAFRÆN FERILBÓK

Í árslok 2016 hóf Tækniskólinn þróun rafrænnar ferilbókar í samstarfi við Fræðslumiðstöð rafiðnaðarins. Í apríl 2017 veitti Framfarasjóði SI Tækniskólanum 5 milljón króna styrk til verkefnisins. Þegar frumútgáfa ferilbókar var tilbúin á vormánuðum 2017 var verkefni kynnt fyrir Menntamálaráðuneytinu. Ráðuneytið ákvað að ganga til samstarfs við Tækniskólann um frekari þróun rafrænnar ferilbókar og er Halldór Hauksson áfangastóri verkefnisstjóri verkefnisins.

Áfangastjórn tekur saman helstu töluálagar upplýsingar úr nemendabókhaldi skólans og eru þær birtar í viðauka með ársreikninum Tækniskólans

Áfangastjóri: Halldór Hauksson



Námsstjórn

Við Tækniskólann starfa fjórir náms- og starfsráðgjafar sem sinna náms- og starfsráðgjöf við nemendur allra undirskóla Tækniskólans, dagskóla- og dreifnámsnemendur. Náms- og starfsráðgjafar eru málsvavar nemenda innan skólans og gæta hagsmuna þeirra.


Náms- og starfsráðgjafar aðstoða nemendur við námsval, námsskipulag, námstækni og annað sem lýtur að núverandi námi þeirra og framtíðarmöguleikum. Þeir taka á móti og svara fyrirspurnum umsækjenda sem hafa áhuga á námi við skólann. Náms- og starfsráðgjafar aðstoða nemendur vegna persónulegra málefna og vísa áfram þeim nemendum sem þurfa á frekari sérfræðiaðstoð að halda s.s. til þjónustumiðstöðva, heilsugæslu, sálfræðinga, endurhæfingaraðila og félagasamtaka. Þeir vinna í nánú samstarfi við stjórnendur, kennara og aðra starfsmenn við úrlausn ýmissa mála. Þeir leggja rafrænt skimunarpróf fyrir nýnema úr grunnskólum til að meta brotthvarfshættu og vinna sérstaklega með þeim nemendum sem mælast í mestri hættu á að hverfa frá námi. Náms- og starfsráðgjafar taka þátt í kynningum innan sem utan skólans og sitja í ýmsum nefndum á vegum skólans s.s. heilsunefnd, jafnréttisnefnd, áfallateymi og í teymi um einelti og kynferðislega áreitni. Náms- og starfsráðgjafar taka gríðarlega mörg viðtöl við fjölbreyttan hóp fólks þ.e. nemendur, forráðamenn og væntanlega umsækjendur. Auk þess fer mikill tími í samskipti í gegnum tölvupóst og síma sem og fundi innan og utanhúss.

Tækniskólinn fékk styrk frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu til þess að vinna gegn brotthvarfi og var mikil áhersla lögð á þá vinnu á haustönn. Náms- og starfsráðgjafar höfðu frumkvæði að því að sækja um styrkinn og mótuðu verkefnið með þeim áherslum sem þeim þótti brýnust að þessu sinni. Hjúkrunarfræðingur var ráðinn í hálfv starf til þess að vinna að gedheilbrigðismálum með áherslu á nemendur yngri en 18 ára. Auk þess voru settir saman fimm nemendahópar sem voru í sérstöku utanumhaldi hjá umsjónakennurum, kallað Áttuverkefni. Markmiðið var að styðja við nemendur, veita utanumhald, stuðla að jákvæðum jafningjasamskiptum og efla samskipti við foreldra.

Í ársskýrslu náms- og starfsráðgjafa árið 2017 má lesa nánar um störf og áherslur á því ári.



Sjálfsmat og innra eftirlit



GÆÐAKERFI

Grunnhugsunin á bak við gæðakerfi Tækniskólans er að unnið sé að stöðugum umbótum á allri starfsemi skólans, að ferlar skólans séu gegnsærir og þjónusta við nemendur sé eins og best verði á kostið. Ein af forsendum framþróunar er að stöðugt sé hugað endurbótum.

Alþjóðlegar samþykktir frá IMO, International Maritime Organization, sem Ísland og þar með skólinn er aðili að, og lög frá Alþingi gera kröfur um að skólinn starfi samkvæmt vottuðu gæðakerfi.

Gæðakerfi Tækniskólans er vottað samkvæmt ISO 9001:2008 staðlinum af Vottun hf. sem framkvæmir viðhaldsúttektir á gæðakerfinu tvisvar á ári, svo og er kerfið regluleg tekið út af af óháðum aðila að kröfu IMO.

Gæðakerfi skólans er ætlað að tryggja að skólinn uppfylli þarfir og væntingar sem nemendur og aðrir viðskiptavinir hafa til hans. Gæðakerfið er m.a. leiðarvísir um kennsluferli skólans, hver gerir hvað, hvernig og hvenær. Kerfið er vaktað með rýni ferla, innri úttektum og útbótum og fara því fram stöðugar endurbætur á því. Verklagsreglur, vinnulýsingar önnur gæðaskjöl eru birt í gæðahandbók skólans sem er aðgengileg öllum starfsmönnum. Hluti gæðaskjalanna, t.d. stefnuskjöl, eru birt á heimasíðu skólans, www.tskoli.is, og eru öllum opin.

KENNSLUMAT

Hluti af gæðakerfi skólans er kennslumat sem lagt er fyrir nemendur á hverri önn. Nemendur svara spurningum sem lagðar eru fyrir í námskerfinu Innu um áfanga og kennslu. Spurningarnar eru svipaðar milli ára og er framkvæmdin á ábyrgð námsstjóra.

Námsmatið er birt kennurum og heildarniðurstöður matsins eru birtar á heimasíðu skólans. Skólastjórar fara yfir niðurstöður kennslumatsins á fagfundum skólans og eða í árlegum starfsmannasamtölum.

Svör nemenda eru metin tölulega á kvarðanum 1- 5, þannig er hægt að bera saman niðurstöður á milli anna. Hæsta mögulega einkunn væri því 5,00.

Tækniskólinn Kennslumat - meðaleinkunn:

Deild	Haust- og vorannir frá 2014 - 2017							Samtals
	H14	V15	H15	V16	H16	V17	H17	
Byggingatækniskólinn	4,17	4,25	4,28	4,35	4,39	4,38	4,32	4,29
Fjölmenningskólinn	4,03	4,16	4,35					4,18
Flugskóli Íslands	4,54							4,54
Handverksskólinn			4,63	4,58	4,63	4,53	4,62	4,61
Hársnyrtiskólinn	4,39	4,65						4,52
Hönnunar og handverksskólinn	4,34	4,35						4,34
Hönnunarbraut			4,29	4,31	4,30	4,14	4,30	4,30
Meistaraskólinn	3,70				4,09	4,08	4,09	3,89
Raftækniskólinn	4,17	4,25	4,23	4,24	4,25	4,29	4,23	4,22
Skipstjórnarskólinn	4,32	4,31	4,30	4,43	4,40	4,38	4,40	4,35
Tækniakademían	3,81	3,96	4,02	4,07	4,07	3,91	4,24	3,98
Tæknimenntaskólinn	4,08	4,14	4,15	4,14	4,22	4,19	4,22	4,14
Upplýsingatækniskólinn	4,17	4,25	4,28	4,31	4,33	4,26	4,22	4,26
Véltækniskólinn	3,97	4,09	4,02	4,20	4,11	4,18	4,12	4,08
Samtals	4,14	4,24	4,25	4,29	4,28	4,23	4,27	

MIÐANNAMAT

Á hverri önn fer fram miðannarmat í Tækniskólanum. Þá gefa kennarar nemendum vitnisburð um stöðu þeirra í hverjum áfanga fyrir sig. Tilgangur miðannarmatsins er að gefa á einfaldan hátt vísendingar um stöðu nemandans um miðja önnina. Vitnisburðurinn byggir fyrst og fremst á því námsmati sem þegar hefur farið fram í viðkomandi áfanga.

Vitnisburður á miðannarmati er gefinn í bókstöfum.

A = Ágætt. Nemandanum gengur ákaflega vel.

B = Í lagi. Nemandinn hefur tök á efninu en má ekki slá slöku við.

C = Ábótavant. Nemandinn þarf að taka sig á til að ná áfanganum.

X = Ekki fersundur til að gefa vitnisburð.

Miðannarmatið er hvatning til þeirra nemenda sem fá C að ganga af kappi í það að læra og leita aðstoðar hjá kennara eða námsráðgjafa til þess að skipuleggja námið í áfanganum. Þeir sem fá B eru hvattir til að slá ekki slöku við og helst að bæta árangurinn enn frekar. Þeir sem fá A eru hvattir til að halda áfram á sömu braut og gefa hvergi eftir.

INNRI RÝNI

Skólameistarar í samvinnu við stjórnendur skólans bera ábyrgð á og hafa frumkvæðið að unnið sé að stöðugum umbótum á allri starfsemi skólans og að unnið sé eftir ferlum gæðakerfisins. Gæðaráð, sem skipað er fulltrúum stjórnenda, starfsmanna, kennara og nemenda, fundar reglulega um gæðakerfi skólans, stöðu þess, þörf fyrir og framgang forvarna- og útbótaverkefna. Rekstrarráð er skipað skólameistara, aðstoðarskólameistara og áfangastjóra.

Rýni stjórnenda er sérstakur rekstrarráðsfundur sem er boðaður í lok hverrar annar. Til að undirbúa rýni stjórnenda tekur gæðastjóri saman skýrslu um frábrigði, ábendingar og kvartanir og þau forvarnar- og útbótaverkefni sem hafa verið framkvæmd á önninni.

Einnig er farið yfir gæðastefnu og markmið og metin þörf á auðlindum og umbótum. Nauðsynlegar aðgerðir og verkefni eru ákveðin og sett á verkefnislista einstakra stjórnenda samkvæmt verklagi framkvæmdaráðs.

Skólameistari fylgir öllum verkefnum á verkefnislista stjórnenda eftir, en sér sérstaklega til þess að gæðatengdar aðgerðir fari í réttan farveg.

TÆKNISKÓLINN - YTRI ÚTTEKTIR

Á árinu 2017 fóru fram hefðbundnar viðhaldsúttektir á gæðakerfi skólans og 5 ára úttekt MRN:

- » Vottun ehf. viðhaldsúttekt vegna gæðavottunar vor 2017.
- » Vottun ehf. viðhaldsúttekt vegna gæðavottunar haust 2017.
- » 5 ára úttekt MRN í árslok 2017.

Gæða- og skjalastjóri: Gunnhild Hatlemark Öyahals



051 Rit 2014(1)

051 Rit 2014(3)

051 Rit 2014(2)

051 Rit 2014(1)

051 Rit 2013(3)

051 Rit 2013(1)

051 Rit 2012(3)

051 Rit 2012(2)

051 Rit 2012(1)

051 Rit 2011(3)

051 Rit 2011(2)

051 Rit 2011(1)

051 Rit 2010(3)

051 Rit 2010(2)

051 Rit 2010(1)

051 Rit 2009(2-3)

051 Rit 2009(1)

051 Rit 2008(3)

051 Rit 2008(2)

051 Rit 2008(1)

051 Rit 2007(2-3)

051 Rit 2007(1)

051 And 2013

SKIRNIR · 192. ÁR · HAUST

SKIRNIR · 192. ÁR · HAUST

SKIRNIR · 192. ÁR · HAUST

SKIRNIR · 192. ÁR · HAUST

SKIRNIR · 189. ÁR · HAUST

SKIRNIR · 189. ÁR · HAUST

SKIRNIR · 188. ÁR · HAUST

SKIRNIR · 188. ÁR · HAUST

SKIRNIR · 187. ÁR · HAUST

SKIRNIR · 187. ÁR · HAUST

SKIRNIR · 186. ÁR · HAUST

SKIRNIR · 186. ÁR · HAUST

SKIRNIR · 186. ÁR · HAUST

SKIRNIR · 185. ÁR · HAUST

SKIRNIR · 185. ÁR · HAUST

SKIRNIR · 185. ÁR · HAUST

SKIRNIR · 185. ÁR · HAUST

SKIRNIR · 185. ÁR · HAUST

SKIRNIR · 184. ÁR · HAUST

SKIRNIR · 184. ÁR · HAUST

SKIRNIR · 184. ÁR · HAUST

SKIRNIR · 183. ÁR · HAUST

SKIRNIR · 183. ÁR · HAUST



Félagslíf nemenda

Félagslífið í Tækniskólanum er fjölbreytt og áhugavert. Hver undirskóli hefur sitt eigið nemendafélag og eru mörg þeirra vel virk og standa fyrir margvíslegum viðburðum. Mikilvægt er að hver undirskóli fái að standa vörð um sínar hefðir þó að áhersla sé líka lögð á að Tækniskólinn sé ein heild og að unnið sé að því að bjóða öllum nemendum skólans upp á félagslíf sem höfðar til þeirra og viðburði sem tengjast fjölbreyttum áhugamálum. Nemendasambandið heldur utan um framkvæmd stærri viðburða sem ætlaðir eru öllum nemendum Tækniskólans.

Stefna skólans er að stykja félagslífið þannig að það verði eftirsótt og ekki hindrun þegar grunnskólanemendur velja sé framhaldsskóla. Grunnskólanemendur velja sér gjarnan skóla frekar en nám og hefur gott félagslífs og jákvæð mynd þess verið þáttu í vali nemendanna. Það er ekki endilega markmið að nemendur velji skólann af þeim sökum en Nemendasambandið einsetur sér að það verði ekki þáttur sem dragi úr áhuga tilvonandi nemenda á skólanum.

STJÓRN

Miðstjórn Nemendasambands Tækniskólans (NST) árið 2017 skipuðu Davíð Snær Jónsson – formaður, Ólafur Hrafn Halldórsson – varaformaður, Lillý Karen Pálsdóttir – ritari og Gunnhildur Fríða Hallgrímsdóttir – fulltrúi nýnema. Í september sagði Davíð Snær sig úr stjórn og tók Kormákur Atli Unnsteinsson þá við embætti formanns.

Auk miðstjórnar er fjöldinn allur af virkum nefndum innan NST og sitja fulltrúar nefnda fundi með miðstjórn eftir þörfum. Virkar nefndir árið 2017:

- » Markaðsnefnd
- » Skemmtinefnd
- » Málfundarnefnd
- » Videonefnd
- » Jafnréttisnefnd
- » Tækninefnd

FYRIRKOMULAG OG FÉLÖG

Nemendasamband Tækniskólans heldur utan um framkvæmd stærri viðburða í félagslífi skólans. Auk NST eru 7 önnur virk nemendafélög:

- » Nemendafélag Tæknimenntaskólans (stofnað í nóvember 2017)
- » Nemendafélag Skipstjónarskólans (Nemendafélag Stýrimannaskólans)
- » Nemendafélag Upplýsingatækniskólans (Eniac)
- » Nemendafélag Handverksskólans
- » Nemendafélag Margmiðlunarskólans
- » Nemendafélag Vefskólans
- » Nemendafélag Vél tækniskólans (Skólafélag Vélskólans í Reykjavík)

Nemendafélag í Byggingartækniskólanum og í Raftækniskólanum hafa ekki verið virk undanfarin ár en vonir standa til að bæta úr því.

MARKVERÐIR VIÐBURÐIR

Margir skemmtilegir viðburðir voru haldnir á vegum NST og annarra nemendafélaga í skólanum á árinu. Helst ber að nefna tvö böll sem haldin voru á árinu, Valentínusarball sem haldið var í febrúar í samvinnu við Nemendafélag Framhaldsskólans í Mosfellsbæ og Nýnemaballið sem haldið í september í samvinnu við Nemendafélag FÁ. Auk grósku

í dansleikjahaldi tók lið frá Tækniskólanum þátt í Morfís og átti skólinn einnig fulltrúa í Söngkeppni Framhaldsskólanna.

Nemendasambandið skipulagði Nýnemaferð í september og var farið á Stokkseyri og gist þar eina nótt. Dagskráin var með besta móti og þátttaka góð. Alls fóru 120 nemendur í ferðina.

Nemendasambandið hélt utan um skuggakosningar samhliða Alþingiskosningunum í október og var kjörsókn talsvert betri en síðast þegar tekið var þátt í þessu verkefni, í heildina var kjörsókn 9% en var 4,5% áður.


Eniac, nemendafélag Upplýsingatækniskólans, stóð fyrir klúbbakvöldum tvisvar sinnum í mánuði í vetur þar sem nemendum bauðst að hittast, spjalla og sinna áhugamálum sínum í gegnum klúbbastarf. Flest nemendafélögin héldu sér árshátíð fyrir nemendur síns undirskóla og var gríðarlega vel mætt á þær. Síðast en ekki síst ber að nefna fjöldan allan af viðburðum og skemmtunum sem Skólafélag Vélaskólans og Nemendafélag Stýri-mannaskólans héldu ýmist í sameiningu eða út af fyrir sig.

Á heildina litið hefur virkni nemendafélaganna verið misjöfn en í heild er starf félaganna vaxandi. Með skipulögðu átaki félagsmálafulltrúa, Nemendasambandsins og Nemendafélaganna má gera félagslíf Tækniskólans að eftirsóknarverðum þætti í skólalífinu og sölupunkti fyrir tilvonandi nemendur.

FORELDRARÁÐ

Foreldraráð Tækniskólans var virkt á skólaárinu undir formennsku Björns Ólafssonar. Ráðið fundaði eftir þörfum og hélt kynningu fyrir foreldra nýrra nemenda í september 2017. Á þeim fundi bauðst áhugasömum að ganga í ráðið og leggja sitt af mörkum.

Félagsmálafulltrúi: Þorvaldur Guðjónsson





Markaðs- og kynningardeild

Markaðs- og kynningardeild er ætlað að sinna stefnumótun, skipulagi og framkvæmd á markaðs- og kynningarmálum, þvert á skóla og deildir Tækniskólans. Aðalstarfsstöðvar eru á Skólavörðuholti, en starfsmenn eru þó nokkuð á ferðinni og eru meðvitaðir um að vera sýnilegir í öllum byggingum Tækniskólans.

Mannabreytingar urðu á deildinni í lok skólaársins 2016–2017 en starfsmenn voru eftirfarandi:

- » Ágústa Sveinsdóttir - markaðsfulltrúi (lauk störfum í júní 2017)
- » Silja Sif Engilbertsdóttir - markaðsfulltrúi (hóf störf í júní 2017)
- » Ásgerður Sveinsdóttir - vefstjóri
- » Ólafur Sveinn Jóhannesson - deildarstjóri
- » Sigurður Einar Jónsson - nemendatengill (lauk störfum í júní 2017)
- » Þorvaldur Guðjónsson - félagsmálafulltrúi (hóf störf í ágúst 2017)

NÝ VEFSÍÐA

Stærsta einstaka verkefnið sem deildin vann að árið 2017 var ný vefsíða fyrir Tækniskólann. Undanfari verkefnisins var þarfagreining sem gerð var á eldri vef og í kjölfarið var skipaður sérstakur vefhópur, sem hafði það hlutverk að fara yfir þá þarfagreiningu og hefja útboðsferli. Samið var við vefstofuna Kosmos og Kaos um að hanna og forrita nýja vefsíðu fyrir skólann. Tengsl og eftirfylgni verkefnisins voru (og eru enn) í höndum vefstjóra - Ásgerðar Sveinsdóttur - í samvinnu við Jónatan Arnar Örlygsson, verkefnastjóra Vefskólans. En þess má einnig geta að fjöldi nemenda við Vefskólann komu að hönnun og forritun vefsins og ber þar helst að nefna þær systur Birnu og Jóhönnu Thorkelsdætur. Nýr vefur er enn í vinnslu og er unnið að því að samræma texta, boðskap og almennar upplýsingar á sem bestan hátt.

KYNNINGAREFNI

Líkt og á síðasta ári var mikil áhersla lögð á faglegt kynningarefni, hvort sem var í forni bréfsfnis, myndbanda eða hvers kyns auglýsinga. Samið var sérstaklega við Allan Sigurðsson, sem unnið hefur mikið af myndböndum fyrir skólann, að gera kynningarmyndbönd fyrir hvern og einn skóla. Sú vinna nýttist einnig sem góður efniviður á nýja vefsíðu skólans.

Mikið af „minni“ kynningarbæklingum - eða einblöðungum - voru hannaðir fyrir hinar ýmsu deildir og skóla. Samræming á útliti við stærri bæklinga var höfð til hliðsjónar við hönnun en hér er um að ræða m.a. efni fyrir flugvirkjun, samtvinnað atvinnuflugnám, hönnunar- og nýsköpunarbraut og tölvubraut.

Sívaðandi hluti af starfi markaðs- og kynningardeildar er gerð atvinnuauglýsinga - fyrir Tækniskólann - það er í höndum markaðsfulltrúa að setja slíkar auglýsingar upp, en textavinna og myndefni er sameignilegt verkefni deildarinnar.

MARKVERÐIR VIÐBURÐIR

Markaðs- og kynningardeild hefur umsjón með móttöku gesta, í samráði við aðrar deildir skólans, mikill fjöldi erlendra og innlendra gesta kom í heimsókn árið 2017. Grunnskólar voru duglegir að bóka heimsóknir og mættu margir slíkir hópar í kynningarferðir. Samhliða þeim heimsóknum var farið í valda skóla, allt í kringum landið, þar sem fulltrúar skólans frá markaðs- og kynningardeild ásamt námsráðgjöfum stóðu fyrir kynningu á Tækniskólanum.

Þátttaka Tækniskólans í UT | Messunni er orðinn fastur liður á hverjum vetri og er það stór þáttur í kynningu á námsframboði í Upplýsingatækni. Vefskólinn og Margmiðlunar-

skólinn auk tölvubrautar, grafískrar miðlunar og hluti af Raftækniskólanum tóku virkan þátt í messunni.

Í marsmánuði, árið 2017, var Íslandsmót iðn- og verkgreina haldið í Laugardalshöll þar sem Tækniskólinn var með fjölda keppenda á sínum snærum. Auk þess að vera með gríðarlega stórt kynningarsvæði þar sem grunnskólanemendum var boðið sérstaklega að mæta og kynna sér námsframboð skólans.

Deildarstjóri: Ólafur Sveinn Jóhannesson





Rekstrarsvið - stoðþjónusta

Rekstrarsvið skólans skipuleggur, stjórnar og hefur faglega umsjón með öllum rekstri skólans. Sviðið samanstendur af bókasafni og upplýsingamiðstöð, fasteignadeild, tölvu- og tæknideild, bókhaldsdeild auk fjármálastjórnunar og starfsmannaþjónustu.

Sviðinu stýrir rekstrar- og fjármálastjóri og aðrir helstu stjórnendur eru deildarstjóri upplýsingamiðstöðvar, deildarstjóri fasteigna, deildarstjóri tölvu- og tæknideildar og yfirkerfisstjóri.

Fjöldi starfsfólks á sviðinu árið 2017 var 38 í 29 stöðugildum.





Upplýsingamiðstöð

kn: Föret
inland
orhandl.
1910.

Teknisk
Tidskrift

Teknisk
Tidskrift

Teknisk
Tidskrift

Teknisk
Tidskrift
1909

Teknisk
Tidskrift
1908

Skrifstofa skólans hefur verið sameinuð bókasafni í Upplýsingamiðstöð. Á Háteigsvegi og í Hafnarfirði er sú þjónusta öll veitt á bókasafninu, en á Skólavörðuholti er bókasafn á 5. hæð en skólaskrifstofa á 1. hæð gegnt aðalinngangi.

Meginhlutverk Upplýsingamiðstöðvar er að veita nemendum og starfsmönnum greiðan aðgang að upplýsingum og heimildum vegna náms og kennslu. Á skrifstofu taka starfsmenn m.a. á móti fyrirspurnum frá nemendum jafnt sem almenningi og veita almennar upplýsingar um nám og kennslu.

Á bókasafninu er veitt fjölbætt þjónusta, svo sem aðstoð við upplýsingaöflun, heimildaleit og kennsla í notkun heimilda, útlán, uppsetningu verkefna og prentun auk persónulegrar aðstoðar við tölvunotkun. Safnið stendur fyrir kennslu í upplýsingalæsi fyrir fyrsta árs nemendur og starfsfólk kennir jafnframt hvernig fara skal með heimildir í heimildaritgerðum og lokaverkefnum.

Á vorönn var tekið á móti fjórum hópum nemenda í lífsleikni á Skólavörðuholti, þar af var einn hópur af sérnámsbraut sem kom tvisvar. Einnig var tekið á móti tveimur lífsleiknihópum í Hafnarfirði auk þess sem haldinn var fyrirlestur um heimildanotkun og ritgerðarsmíð í Margmiðlunarskólanum og Vélterniskólanum. Á haustönn var tekið á móti átta hópum nemenda í lífsleikni, þar af tveimur í Hafnarfirði og sex á Skólavörðuholti auk þess sem haldnir voru fyrirlestrar um upplýsingaöflun og heimildanotkun fyrir nemendur á K2 og í Vélterniskólanum.

Safnkosturinn er skráður í bókasafnskerfið Gegni auk þess sem safnið nýtir sér landsaðgang að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum gegnum vefinn www.leitir.is.

Tölulegar upplýsingar:

Upplýsingar um skráða titla, heildarútlán og fjölda lánþega eru eftirfarandi:

- » Skráðir titlar í bókasafnskerfið Gegni: 12.174.
- » Heildarútlán: 6.095.
- » Heildarfjöldi lánþega: 742, þ.a. 648 nemendur.

Töluvert færri útlán voru árið 2017 en árin áður, að hluta til er skýringin sú að mikið hefur dregið úr útlánnum á fartölvum og tækjum en útlán á þeim hafa minnkað um helming milli ára. Mun fleiri nemendur notfæra sér þjónusu bókasafns en útlánatölur gefa til kynna, þar er góð aðstaða til hópvinnu og mörgum finnst líka gott að sitja þar og spjalla eða bara „hanga“.

Starfsfólk bókasafns og upplýsingamiðstöðvar hefur umsjón með skjalakerfi skólans, setur inn efni á vefinn namskra.is og sér um útgáfu prentkorta til nemenda og starfsfólks. Starf alþjóðafulltrúa fellur einnig undir bókasafn og upplýsingamiðstöð.

ALÞJÓÐAMÁL

Skólinn sótti um styrk til Menntaáætlunar Evrópusambandsins (Erasmus+) til að gera nemendum og starfsmönnum kleift að sækja sér fræðslu og starfsþjálfun í öðrum Evrópulöndum. Jákvætt svar fékkst við umsókninni og fékk skólinn úthlutað 183.388 evrum til fræðsluferða nemenda og starfsmanna. Styrkirnir gera 57 nemendum kleift að stunda nám og starf erlendis frá tveimur vikum upp í sex mánuði. Tólf starfsmenn njóta góðs af úthlutuninni, gert er ráð fyrir að hver þeirra fari í þriggja til fimm daga heimsóknir til evrópskra skóla og fyrirtækja.

Skólinn hlaut einnig 18.260 evra styrk til að taka þátt í fjölþjóðlegu verkefni ásamt Póllandi, Tyrklandi og Þýsklandi. Tilgangurinn er að ungmenni frá þessum löndum kynnist og kynnist einnig menningu og siðum hvers annars.

Deildarstjóri: Ingibjörg Rögnvaldsdóttir



Fasteignadeild

Markmið fasteignadeildar er að tryggja að öll starfsemi í húsnæði Tækniskólans uppfylli, með árangursríkum hætti, sett markmið um þjónustu við starfsfólk, nemendur og aðra notendur húsanna.

Að húsnæðið sé í samræmi við kröfur um aðbúnað og hollustuhætti. Að húsnæðið sé ávallt til reiðu, í góðu og þrífalegu ástandi þannig að starfsemi skólans verði framkvæmd með skilvirkum hætti og án hindrana

Í deildinni starfa deildarstjóri, smiður og málari auk sjö skólaliða.

TENGLI VIÐ ATVINNULÍFIÐ

Stofnað var til samstarfs með Grænum Skátum þar sem gámum fyrir gjaldskildar umbúðir var komið fyrir við stærri hús skólans. Samningur var gerður um að 25% af innkomu rennur til skólans sem verður notað til kynninga á umhverfismálum. Grænir Skátar halda 75%.

Verkefnið hefur tvíþættan tilgang. Annars vegar að stuðla að aukinni endurvinnslu í skólanum og hinsvegar að styðja við samfélagsverkefni Skátahreyfingarinnar.

HÚSNÆÐI

Húsnæði skólans er á eftirtöldum 6 stöðum og er um 40 þúsund fermetrar að stærð:

- » Skólavörðuholt
Aðalbygging, Vörðuskóli.
- » Háteigsvegur
Sjómannaskólahús, Vélahús, Rafmagnshús.
- » Hafnafjörður
Flatahraun, Gjótuhraun.
- » Skeljanes
Verkleg aðstaða byggingagreina.
- » Keldnaholt
Árleynir, flugvirkjun.
- » Reykjavíkurflugvöllur
Flugafgreiðsla og verkleg kennsla Flugskóla Íslands.

Breytingar og viðhald á húsnæði Tækniskólans 2017 voru eftirfarandi:

- » Skólavörðuholt
K2 - Endurnýjun og breyting á 4. hæð.
Húsumsjón flutt yfir í 1. hæð austurenda.
- » Háteigsvegur
Siglingahermir - Endurnýjun 1. hæðar fyrir nýjan hermi.
Fjarskiptahermir og vélhermir - Endurnýjun 1.hæðar fyrir nýja herma.
- » Keldnaholt
Verkstæði flugvirkja flutt frá Skeljanesi.

Deildarstjóri: Gunnar Sigurðsson



Tölvu- og tæknideild

Tölvu og tæknideild rekur tölvukerfi Tækniskólans sem og þjónustar allan tæknibúnað. Deildin er þjónustudeild á rekstrarsviði skólans og sér um að þjónusta starfsmenn og nemendur. Markmið deildarinnar er að allir nemendur og starfsmenn séu velkomnir og reynir deildin eftir bestu getu að leysa tækni vandamál hvers og eins.

Tölvukerfi Tækniskólans er með stærstu tölvukerfum landsins. Fjöldi tölva í útstöðvum er um 1800 talsins þar af um 200 fartölvur. Einnig eru tæplega 200 skjávarpar og yfir 2400 skjáir. Þráðlaust (Wifi) netkerfi er með 3 eldveggi og um 70 þráðlausa punkta. Kerfið er rekið á 10 stöðum á stór höfuðborgarsvæðinu. Í rekstri eru 43 tölvustofur einnig eru almennar vinnustöðvar og bóklegar stofur tengdar námi ásamt sértækum tæknibúnaði.

Tölvudeildin þjónustar einnig sýndarherma skólans. Hermarnir eru 5 og eru allir staðsettir á Háteigsvegi. Má þar nefna fjarskiptahermi, vélahermi, kælihermi, flughermi og siglingahermi.

Deildarstjóri í samstarfi við aðra stjórnendur sér til þess að tækjakostur hvers skóla og starfsmanns sé nægilega góður fyrir þau verkefni sem þarf að leysa hverju sinni.

Í deildinni starfa : deildarstjóri, yfirkerfisstjóri og netstjóri. Auk þess eru 2 fastráðnir tæknimenn. Einnig eru 3 stöðugildi fyrir þjálfunar og aukastarfsmenn í hlutastarfi. Þetta eru fyrrverandi nemendur sem hafa sínt afburða góðan árangur í námi úr Tækniskólanum. Þeir koma úr Upplýsingatækniskólanum og Raftækniskólanum og eru í áframhaldandi námi í háskóla. Það eru 10 slíkir starfsmenn sem deila þessum stöðugildum sín á milli.

Yfirkerfisstjóri stýrir innviði tölvukerfis, netþjónum og er aðal samskipta aðili við síma- og netþjónustu veitendur.

Í rekstri er beiðnakerfi, upplýsingakerfi og prentvöktunarkerfi sem vakta tækjabúnað á öllum stöðum skólans.

UPPBYGGING KERFIS

Tölvukerfi Tækniskólans er byggt upp í kringum Microsoft Active Directory (AD) notendagrunn. Réttindi og aðgangstakmörkunum er stýrt í gegnum þennan grunn. Reglum varðandi notendur og einstakar útstöðvar er stýrt í s.k. Group Policy í AD og skriftum. Microsoft Office 365 keyrir tölvupóstkerfi starfsmanna og nemenda. Netþjónar keyra Windows Server 2008 r2, 2012r2, og 2016 stýrikerfi, og útstöðvar Windows 8.1 / 10. Flest gögn nemenda eru hýst í skýinu hjá OneDrive þjónustu Microsoft, að auki eru nemendur með heimasvæði fyrir gögnin sín og vefsíður á staðbundnum þjónum. Önnur gögn er varða nemendur eru hýst hjá Advania (Inna.is). Gögn starfsmanna eru annars vegar geymd á netþjóni (H: drif sem er persónulegt netdrif hvers og eins) eða vistuð í skýlausn Onedrive og gögnin þar eru vistuð í Office 365 umhverfi Microsoft.

NETÞJÓNAR

Keyra á HP Blade og eru meirihluti þjónanna keyrðir í Microsoft Hyper-V. Aðrir þjónar keyra á blöðunum í „Blade“ stæðunni, auk annarra sérstæðra þjóna.

KERFISRÝMI

Kerfisrými eru þrjú: fyrsta staðsett á Skólavörðuholti, annað staðsett á Háteigsvegi, og það þriðja í Hafnarfirði.

NETHÖGUN

Internet tenging Tækniskólans keyrir á FS-neti sem er nú rekið af Vodafone, 1000Mb

Ljósleiðari og er allri umferð stýrt með Sonicwall eldvegg. Einnig er skólinn með ljósleiðara frá Vodafone sem er 1000Mb. Háteigsvegur tengist inn með „Darkfiber“ frá Vodafone. Hafnarfjörður tengist með 1000Mb ljósleiðara. Varatengingar eru staðsettar bæði á Háteigsvegi (4 mb sds) og Skólavörðuholti (16mb\1mb Adsl +100mb tenging frá Mílu)

AFRITUN

Afritun er tekin daglega af gögnum skólans og afritað er á HP ProLiant DL380p Gen8 þjóni í kerfisrými á Háteigsvegi. Einnig er notuð svo kölluð „shadow copy“ sem er afritun og hjálpar það notendum að nálgast afrit af sínum gögnum hraðar og auðveldar.

ÞRÁÐLAUST NET

Þráðlaus netið samanstendur af 70 Ruckus punktum og er með aðgangastýringu tengda við Active directory. Ef gestir þurfa að komast á netið verður netið opið og geta þeir tengst Tækniskólinn-SSID.

PRENTUN


Tækniskólinn er með prentþjónustusamning við PLT ehf. og sjá þeir um allt sem við kemur prentunum. Náðarkort eru notuð til að sækja útprentanir frá prenturum og er það MyQ-kerfi með tengingar í Active directory.

AÐGENGI AÐ GÖGNUM OG GAGNAÖRYGGI

Aðgangsstýringar eru framkvæmdar með NTFS réttindum og drif notenda skilgreind með hópum úr Active directory.

Deildarstjóri: Ómar Aage Tryggvason

Yfirkerfisstjóri: Tryggvi Jóhannsson





Fjármál og bókhald

FJÁRMÁLASTJÓRN OG BÓKHULD

Undir rekstrarsvið heyrir einnig þriggja manna bókhaldsdeild auk fjármálastjórnunar. Bókhald skólans er fært í Microsoft Dynamics Nav bókhaldskerfi. Reglulega eru unnin rekstraruppgjör sem lögð eru fyrir stjórnarfundum.

AFKOMA ÁRSINS

Rekstur Tækniskólans var í góðu jafnvægi árið 2017 og hagnaður 4,23% af heildarveltu samanborið við 0,66% árið 2016.

Heildartekjur ársins 2017 voru 4.250,3 milljónir, þar af sértekjur 935,5 milljónir. Rekstrarkostnaður nam 4.012,2 milljónum, þar af námu laun, aðkeypt kennsla og annar starfsmannakostnaður 2.973,2 milljónum króna. Afskriftir, fjármunatekjur og fjármagnsgjöld námu samtals tæpum 58,1 milljón.

Hagnaður ársins nam því tæpum 180 milljónum króna.

Launahlutfall lækkar lítillega á milli ára, fer úr 72,9% í 70,0%.

Í árslok voru eignir samtals 826,0 milljónir króna og eigið fé 316,1 milljón. Eiginfjárlutfall er því 38,3% og hækkar verulega á milli ára, eða um 15%.



Starfsmannahald

Í lok ársins 2017 störfuðu hjá Tækniskólanum um 241 starfsmáður. Kennarar, þroskaþjálfar og aðstoðarfólk þeirra voru 175, námsráðgjafar og hjúkrunarfræðingar 5, stjórnendur 16 og aðrir starfsmenn 45.

STARFSMANNAFUNDIR

Haldnir eru fundir með öllum starfsmönnum a.m.k. tvisvar sinnum á önn, í upphafi og lok hversrar annar. Þess á milli eru kennarafundir í lok hvers mánaðar. Innan hvers skóla eru skipulagðir fundir sem fagskólastjórar halda utan um og ráðstafa þeim tímum sem eru með fundarhléum í töflum allra kennara.

STARFSMANNAFÉLAG, STARFSEMI

Starfsmannafélag eða skemmtinefnd stendur fyrir tveimur árlegum viðburðum. Annars vegar er það jólahlaðborð og hins vegar árshátíð starfsfólks. Sú hefð hefur komist á að einn undirskóla Tækniskólans sjái um þetta í eitt ár í senn. Upplýsingatækniskólinn lauk sínum skyldum með láði með veglegri árshátíð að vori á Hótel Sögu. Á árshátíðinni var haldin keppni þar sem Byggingatækniskólinn hlaut þennan kaleik fyrir næstu atriði.

Byggingatækniskólinn sá um að jólahlaðborðið var haldið í Valsheimilinu að Hlíðarenda þar sem veislustjóri var nýr starfsmáður skólans, Ragnheiður Haraldsdóttir. Tónlistaratriði var í höndum Péturs Guðmundssonar og félagi hans sem héldu upp stuði fyrir þá sem það vildu. Menn fóru svo að bíða spenntir eftir árshátíð stuðboltanna í Byggingatækniskólanum.

Undirbúningsnefnd fyrir árið 2017–2018 var faglega skipuð einum úr hverri iðngrein Byggingatækniskólans:

- » Arnar Óskarsson
- » Guðmundur Helgi Helgason
- » Gunnar Ásgeir Sigurjónsson
- » Sigríður Óladóttir
- » Rúnar Ingi Guðjónsson
- » Þráinn Óskarsson



Tölulegar upplýsingar

YFIRLIT YFIR NEMENDAFJÖLDA Á EINSTÖKUM BRAUTUM Í TÆKNISKÓLANUM 2008 –2017

Fjöldi nemenda eftir brautum og skólum í dagskóla

Skóli	Braut nemenda	2009 Vor	2009 Haust	2010 Vor	2010 Haust	2011 Vor	2011 Haust	2012 Vor	2012 Haust	2013 Vor	2013 Haust	2014 Vor	2014 Haust	2015 Vor	2015 Haust	2016 Vor	2016 Haust	2017 Vor	2017 Haust	
Byggingatekniskólinn	Almenn námsbraut Byggingatekniskólans				5	7	13	11	11	9	2	5	8	10	4	4	10	11	11	
	Grunnmám tréðöna	38	30	15	14	10	23	1	8	2	10	6	12	6	11	17	18	12	7	
	Húsasmiði	116	105	103	80	74	63	67	58	55	63	57	49	49	85	82	95	106	116	
	Húsgagnasmíði	8	20	32	34	45	55	50	50	45	60	59	53	52	53	48	45	41	50	
	Málaráðun	50	38	44	30	43	31	38	33	39	26	22	23	21	24	25	25	22	13	
	Múrariðun	40	28	26	24	23	12	20	16	18	13	11	7	18	13	27	24	31	34	
	Pípulagnabraut														69	42	59	57	71	
	Tækniteikun	83	82	66	55	52	58	44	51	44	43	36	34	31	51	48	37	31	42	
	Veggfórur og dúkalgagnir	5	4	6		1	1	5	6	4	2	4	1	3	2	1	2			
Byggingatekniskólinn Samtals		340	307	292	242	255	256	236	233	216	219	200	187	190	312	294	315	311	344	
Handverksskólinn	Almenn námsbraut Handverksskólans				10	12	29	14	14	11	16	5	6	4	6	11	14	7	10	
	Fataíðun	53	28	39	29	31	23	29	6	14	39	32	23	34	6	14	24	29	24	
	Fatatekni	53	83	90	101	101	112	98	110	98	72	50	68	59	59	61	30	30	33	
	Gull- og silfursmíði	22	25	27	26	22	20	23	20	20	13	22	21	19	18	15	21	17		
	Hársnyrtibraut	114	137	125	128	115	103	104	105	98	95	89	91	73	113	90	101	82	98	
	Skósmíði														1				1	
Handverksskólinn Samtals		242	273	281	294	281	287	268	255	241	235	199	209	191	204	194	184	169	183	
Hönnunarbraut	Almenn námsbraut Hönnunarbraut				9	9	24	13	8	7	6	2	8	3	5	3				
	Hönnunarbraut	149	126	119	80	78	87	84	77	77	92	82	88	89	64	52	37	28	15	
	Hönnunarbraut hraðferð	20	56	46	39	36	44	42	44	54	52	39	38	33	94	76	20	8	1	
	Hönnunar og nýsköpunarbraut hraðferð																25	22	21	
Hönnunarbraut Samtals		169	182	165	128	123	155	139	129	138	150	123	134	125	163	131	103	86	78	
Raftækniskólinn	Almenn námsbraut Raftækniskólans				3	3	10	2	3	1	6	7	5	2	8	6	5	8	12	
	Grunnmám rafíðna	115	128	102	103	81	110	76	94	75	79	80	65	67	133	122	141	127	124	
	Grunnmám rafíðna Hraðferð	26	17	12	16	2	15	2	16	17	20	26	34	17	15	24	14	23	30	
	Rafveituvirkjun	30	37	45	51	59	54	64	59	44	40	29	42	48	41	22	44	32	24	
	Rafveituvirkjun				1															
	Rafvélavirkjun	2																		
	Rafvirkjun	37	44	54	51	51	37	53	40	38	37	29	32	39	62	50	54	34	48	
	Kvikmyndatekni															12	12	23	3	
	Raftækniskólinn Samtals		210	226	214	224	196	226	197	212	175	182	171	178	173	259	236	270	247	241
Skipstjórnarskólinn	Almenn námsbraut Skipstjórnarskólans				1	1	1	1												
	Skipstjóra	62	70	67	86	80	92	90	99	95	104	84	96	94	93	76	67	59	72	
Skipstjórnarskólinn Samtals		62	70	67	87	80	93	91	99	95	104	84	96	94	93	76	67	59	72	
Tæknimeintaskólinn	Almenn námsb nýbúa	98	153	127	76	86	94	89	97	69	87	79	79	81	82	66	62	68		
	Janus endurhefing	23	21	16	27	22	28	34	37	40	29	31	29	21	23	25	19	21	14	
	Náttúrufræðibraut	13	17	14	9	11	11	10	13	9	9	9	7	7	10	10	10	6	5	
	Náttúrufræðibraut-flugtækni	87	64	56	41	34	42	34	27	22	24	22	22	19	18	18	16	14	24	
	Náttúrufræðibraut - raftækni	1	2	5	6	11	12	18	20	19	15	20	13	13	13	13	11	12	11	
	Náttúrufræðibraut - skipstækni	1	1	1																
	Náttúrufræðibraut - tölvutækni													6	4	14	12	12	7	
	Náttúrufræðibraut - véltekni	6	3	3	3	1	1	1												
	Starfsnáðun	36	45	37	43	37	40	34	29	22	25	28	34	28	47	47	67	59	63	
	Stúdentspróf af list-og starfsbr.	9	25	22	25	36	23	32	35	28	33	21	24	27	29	21	16	13	17	
	Tækniabraut	1	3																	
	Náttúrufræðibraut tölvutækni																1			
	Náttúrufræðibraut flugtækni																	2	2	
	Stúdentspróf af fagbraut																		1	
	Almenn námsbraut	106	43	26	10	9	13	5	11	1					33	22	3		15	
	Tæknimeintaskólinn Samtals		381	375	304	239	242	263	251	267	211	226	205	218	198	268	251	222	197	231
	Upplýsingatekniskólinn	Almenn námsbraut Upplýsingatekniskólans				9	1	42	10	23	17	14	13	37	22	28	21	41	33	36
		Ljósmyndun	12	21	12	12	19	13	31	29	23	29	19	19	17	15	13	9	8	13
Prentsmíði		18	31	37	36	44	30	26	33	25	33	23	25	34	38	26	37	25	9	
Prentun		3	6	6	2						1	1	3	2	4	1	1	1	3	
Tölvubraut		206	234	234	216	211	248	257	281	295	322	308	307	306	318	296	320	262	251	
Upplýsinga- og fjölmiðlabraut		170	167	175	142	111	139	114	104	121	116	126	113	84	84	92	97	85	80	
Bókband		1			1	3							4	1	1	3			2	
IC2																	26	25	49	
Grafísk miðlun																			23	
Upplýsingatekniskólinn Samtals		410	459	464	418	389	472	438	470	481	515	490	508	466	488	452	531	439	466	
Véltækniskólinn	Almenn námsbraut Véltækniskólans				1	1	2	3	6	7	5	9	8	6	2	1	4	1		
	Grunnmám málmiðna		14	16	10	4	4	3	4				4	1				30	31	
	Grunnmám bíliðna														16	12	1			
	Málmíngreinar, fyrri hluti														28	28	4			
	Rennismíði														8	8	8	11	12	
	Stáðsmíðabraut														7	5	9	7	10	
	Véltjórn	170	183	183	173	183	187	191	195	187	197	191	200	180	190	177	174	169	152	
Vélvirkjabraut														18	15	20	16	26		
Véltækniskólinn Samtals		170	197	199	184	188	193	197	205	194	202	204	209	186	269	246	250	235	219	
Tækniskólinn		1984	2089	1986	1816	1754	1945	1817	1870	1751	1833	1676	1739	1623	2056	1880	1942	1743	1834	

ALDURSDREIFING Í DAGSKÓLA

Fjöldi nemenda að 18 ára, og 19 ára og eldri.

Skóli	Aldursbil	2008	2009	2009	2010	2010	2011	2011	2012	2012	2013	2013	2014	2014	2015	2015	2016	2016	2017	2017
		Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust
Byggingatækniskólinn	18 og undir	62	75	83	47	60	30	43	30	44	31	46	27	31	14	64	38	86	60	94
	19 og yfir	192	255	219	237	176	209	206	196	176	172	160	165	148	172	237	236	215	244	243
Handverksskólinn	18 og undir	59	45	67	37	67	42	63	38	55	31	45	24	45	31	46	27	37	18	29
	19 og yfir	158	190	197	231	215	232	208	218	189	199	184	161	157	152	155	158	141	140	147
Hönnunarbraut	18 og undir	35	45	34	20	31	13	25	17	24	18	18	6	18	16	42	24	34	21	32
	19 og yfir	127	128	154	145	100	111	134	125	113	115	124	113	112	105	118	103	66	62	44
Raftækniskólinn	18 og undir	67	78	64	36	47	21	44	25	48	26	41	27	37	17	82	47	88	54	73
	19 og yfir	118	128	153	173	172	163	172	165	161	138	132	138	133	148	169	180	172	183	154
Skipstjórnarskólinn	18 og undir	7	5	9	5	11	5	7	3	3	2	8	4	14	8	12	4	8	5	12
	19 og yfir	78	54	61	59	74	70	82	85	93	90	91	72	76	78	73	69	57	48	53
Tæknimenntaskólinn	18 og undir	240	205	155	93	97	62	97	55	80	39	83	63	84	56	130	89	123	88	143
	19 og yfir	174	169	213	196	139	172	163	190	177	170	142	135	123	138	134	155	96	106	85
Upplýsingatækniskólinn	18 og undir	168	161	162	123	160	105	212	150	215	152	236	165	227	164	231	147	272	192	284
	19 og yfir	237	242	286	324	249	275	255	274	247	314	270	315	267	293	254	288	246	240	178
Véltækniskólinn	18 og undir	38	36	47	29	45	26	42	28	35	14	19	10	30	15	64	42	77	51	66
	19 og yfir	136	125	145	158	133	154	143	163	162	174	177	180	167	161	196	189	165	172	145
Tækniskólinn	18 og undir	676	650	621	390	518	304	533	346	504	313	496	326	486	321	671	418	725	489	733
	19 og yfir	1220	1291	1428	1523	1258	1386	1363	1416	1318	1372	1280	1279	1183	1247	1336	1378	1158	1195	1049

Hlutfall nemenda að 18 ára og 19 ára og eldri

Skóli	Aldursbil	2008	2009	2009	2010	2010	2011	2011	2012	2012	2013	2013	2014	2014	2015	2015	2016	2016	2017	2017
		Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust
Byggingatækniskólinn	18 og undir	24%	23%	27%	17%	25%	13%	17%	13%	20%	15%	22%	14%	17%	8%	21%	14%	29%	20%	28%
	19 og yfir	76%	77%	73%	83%	75%	87%	83%	87%	80%	85%	78%	86%	83%	92%	79%	86%	71%	80%	72%
Handverksskólinn	18 og undir	27%	19%	25%	14%	24%	15%	23%	15%	23%	13%	20%	13%	22%	17%	23%	15%	21%	11%	16%
	19 og yfir	73%	81%	75%	86%	76%	85%	77%	85%	77%	87%	80%	87%	78%	83%	77%	85%	79%	89%	84%
Hönnunarbraut	18 og undir	22%	26%	18%	12%	24%	10%	16%	12%	18%	14%	13%	5%	14%	13%	26%	19%	34%	25%	42%
	19 og yfir	78%	74%	82%	88%	76%	90%	84%	88%	82%	86%	87%	95%	86%	87%	74%	81%	66%	75%	58%
Raftækniskólinn	18 og undir	36%	38%	29%	17%	21%	11%	20%	13%	23%	16%	24%	16%	22%	10%	33%	21%	34%	23%	32%
	19 og yfir	64%	62%	71%	83%	79%	89%	80%	87%	77%	84%	76%	84%	78%	90%	67%	79%	66%	77%	68%
Skipstjórnarskólinn	18 og undir	8%	8%	13%	8%	13%	7%	8%	3%	3%	2%	8%	5%	16%	9%	14%	5%	12%	9%	18%
	19 og yfir	92%	92%	87%	92%	87%	93%	92%	97%	97%	98%	92%	95%	84%	91%	86%	95%	88%	91%	82%
Tæknimenntaskólinn	18 og undir	58%	55%	42%	32%	41%	26%	37%	22%	31%	19%	37%	32%	41%	29%	49%	36%	56%	45%	63%
	19 og yfir	42%	45%	58%	68%	59%	74%	63%	78%	69%	81%	63%	68%	59%	71%	51%	64%	44%	55%	37%
Upplýsingatækniskólinn	18 og undir	41%	40%	36%	28%	39%	28%	45%	35%	47%	33%	47%	34%	46%	36%	48%	34%	53%	44%	61%
	19 og yfir	59%	60%	64%	72%	61%	72%	55%	65%	53%	67%	53%	66%	54%	64%	52%	66%	47%	56%	39%
Véltækniskólinn	18 og undir	22%	22%	24%	16%	25%	14%	23%	15%	18%	7%	10%	5%	15%	9%	25%	18%	32%	23%	31%
	19 og yfir	78%	78%	76%	84%	75%	86%	77%	85%	82%	93%	90%	95%	85%	91%	75%	82%	68%	77%	69%
Tækniskólinn	18 og undir	36%	33%	30%	20%	29%	18%	28%	20%	28%	19%	28%	20%	29%	20%	33%	23%	39%	29%	41%
	19 og yfir	64%	67%	70%	80%	71%	82%	72%	80%	72%	81%	72%	80%	71%	80%	67%	77%	61%	71%	59%

Meðalaldur nemenda 2008-2017

Meðalaldur nemenda í dagskóla:

Skóli	2008	2009	2009	2010	2010	2011	2011	2012	2012	2013	2013	2014	2014	2015	2015	2016	2016	2017	2017
	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Haust	Vor	Vor	Haust	Vor	Haust
Byggingatækniskólinn	23,9	24,5	23,3	25,1	23,7	25,9	25,0	26,6	25,5	25,6	25,3	27,0	26,3	24,7	26,9	25,1	23,7	25,5	23,9
Handverksskólinn	22,3	23,1	22,3	24,1	22,7	23,8	23,1	23,9	23,0	24,1	23,6	24,9	23,5	24,2	25,0	25,5	24,2	26,3	24,7
Hönnunarbraut	22,9	22,0	23,2	23,4	22,0	22,5	22,6	23,9	23,0	23,6	23,1	24,4	23,5	25,3	25,4	26,0	22,3	21,8	20,4
Raftækniskólinn	22,2	22,4	22,3	23,8	24,1	25,2	23,2	24,6	23,4	24,0	23,1	24,2	24,5	22,2	25,2	23,3	22,1	23,3	22,7
Skipstjórnarskólinn	29,8	29,3	26,7	28,2	26,2	28,0	27,7	28,9	27,3	29,2	28,4	29,0	26,8	25,7	26,9	27,0	25,9	27,1	24,7
Tæknimenntaskólinn	20,8	21,9	23,0	23,6	22,1	23,1	22,1	24,1	24,5	25,0	22,7	24,5	22,5	20,8	23,2	21,6	20,0	20,8	18,8
Upplýsingatækniskólinn	21,5	21,2	21,5	22,3	21,0	21,9	20,4	21,6	21,1	21,9	20,5	21,4	20,4	20,2	20,8	20,9	19,8	20,7	19,4
Véltækniskólinn	24,5	23,9	22,8	24,3	22,5	24,0	23,4	24,4	23,6	25,1	24,2	25,4	24,3	23,2	25,2	23,8	21,8	23,0	22,2
Tækniskólinn	22,6	22,8	22,7	23,8	22,6	23,8	22,8	24,1	23,4	24,1	23,1	24,2	23,1	22,6	23,9	23,4	21,8	23,0	21,7

BROTTFALL

Brottfall eininga í fagáföngum skóla

Skóli nemenda	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Byggingatækniskólinn	17,6%	16,7%	18,0%	15,5%	14,7%	17,9%	13,0%	13,1%	15,3%
Handverksskólinn	8,2%	7,6%	6,8%	7,3%	8,4%	11,1%	10,2%	9,3%	9,8%
Hönnunarbraut	26,3%	23,6%	23,0%	22,6%	22,8%	21,4%	22,1%	16,6%	9,5%
Raftækniskólinn	15,8%	14,1%	14,9%	15,4%	14,9%	14,4%	15,3%	17,1%	15,7%
Skipstjórnarskólinn	11,8%	42,7%	11,3%	46,3%	0,0%	54,5%	6,3%	0,0%	12,5%
Tæknimenntaskólinn	23,7%	22,7%	22,5%	23,3%	21,8%	24,8%	22,8%	21,9%	17,1%
Upplýsingatækniskólinn	14,4%	15,9%	14,9%	13,8%	14,3%	17,0%	14,7%	12,0%	10,8%
Véltækniskólinn	26,1%	28,2%	25,3%	28,0%	18,3%	30,1%	19,1%	10,0%	17,4%
Tækniskólinn	18,3%	17,3%	17,0%	17,0%	16,5%	19,0%	17,2%	15,7%	14,6%

Brottfall eininga í almennum greinum

Skóli nemenda	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Byggingatækniskólinn	30,3%	27,8%	27,7%	27,4%	25,9%	31,2%	30,9%	28,6%	22,8%
Handverksskólinn	28,3%	20,5%	26,4%	27,5%	24,8%	30,6%	32,2%	30,0%	29,8%
Hönnunarbraut	25,2%	23,1%	27,0%	23,3%	24,9%	25,1%	25,7%	19,9%	18,9%
Raftækniskólinn	30,6%	27,0%	28,1%	29,3%	22,1%	31,1%	25,3%	25,3%	18,7%
Skipstjórnarskólinn	14,8%	27,0%	20,6%	19,9%	21,8%	20,1%	25,9%	21,3%	23,4%
Tæknimenntaskólinn	17,9%	17,0%	16,1%	19,2%	18,6%	18,2%	17,0%	16,8%	12,2%
Upplýsingatækniskólinn	22,1%	24,2%	22,3%	23,2%	20,8%	25,2%	21,6%	21,6%	15,9%
Véltækniskólinn	15,9%	16,1%	15,4%	17,9%	12,5%	13,5%	14,9%	15,8%	15,0%
Tækniskólinn	21,9%	21,4%	21,5%	22,5%	20,4%	22,9%	21,5%	20,8%	16,8%

Brottfall eininga í dreifnámi

Skóli	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Byggingatækniskólinn	24,0%	17,8%	22,9%	14,2%	27,5%	31,1%	26,4%	18,1%	24,8%
Meistaraskólinn	13,0%	13,8%	9,8%	7,8%	6,7%	6,4%	8,5%	7,9%	6,1%
Raftækniskólinn	25,4%	18,1%	32,4%	39,1%	17,3%	19,4%	28,9%	30,3%	25,1%
Skipstjórnarskólinn	22,0%	16,0%	15,7%	17,4%	14,1%	16,7%	15,7%	16,1%	22,4%
Tæknimenntaskólinn	23,3%	20,6%	15,7%	20,3%	12,0%	17,9%	17,6%	24,3%	14,1%
Upplýsingatækniskólinn	31,6%	18,1%	11,0%	17,4%	29,4%	26,3%	23,4%	36,8%	25,2%
Véltækniskólinn	37,5%	21,8%	27,7%	24,0%	14,3%	23,5%	17,2%	27,5%	10,2%
Tækniskólinn	21,5%	16,5%	15,0%	14,7%	13,3%	16,4%	16,6%	17,8%	15,6%

DREIFNÁM

Fjöldi nemend í dreifnámi:

Row Labels	Vor 2009	Haut 2009	Vor 2010	Haut 2010	Vor 2011	Haut 2011	Vor 2012	Haut 2012	Vor 2013	Haut 2013	Vor 2014	Haut 2014	Vor 2015	Haut 2015	Vor 2016	Haut 2016	Vor 2017	Haut 2017
Byggingatækniskólinn	224	174	126	55	65	37	34	21	16	13	14	51	41	80	71	95	88	109
Meistaraskólinn	244	245	230	212	180	238	236	233	200	204	155	182	169	198	199	216	260	269
Raftækniskólinn	103	41		18	25	36	6	1	8	3	16	17	26	38	47	91	82	119
Skipstjórnarskólinn	116	293	178	114	197	343	184	149	259	230	185	170	182	154	164	159	160	163
Tæknimenntaskólinn	99	73	53	35	36	45	50	45	49	45	39	48	79	39	28	41	16	86
Upplýsingatækniskólinn	101	71	73	40	51	44	36	53	44	89	69	49	60	64	42	32	100	94
Véltækniskólinn	31	28	27	34	21	25	52	42	30	50	29	33	29	28	52	36	37	47
Tækniskólinn samals	918	925	687	508	575	768	598	544	606	634	507	550	586	601	603	670	743	887

Meðalaldur nemenda í dreifnámi:


Row Labels	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Byggingatækniskólinn	35,1	38,1	36,2	37,0	41,0	35,8	36,8	35,1	34,2
Raftækniskólinn	29,8	31,3	29,6	35,0	38,2	29,6	31,3	32,9	31,0
Skipstjórnarskólinn	36,2	36,2	36,4	36,4	36,6	34,9	34,0	33,7	33,4
Tæknimenntaskólinn	31,1	34,9	36,8	38,9	38,8	37,6	34,2	39,6	36,0
Upplýsingatækniskólinn	28,7	29,4	32,6	33,8	31,2	29,8	29,3	31,6	35,1
Véltækniskólinn	34,0	33,3	36,3	37,0	38,1	38,6	35,9	36,3	35,2
Grand Total	33,7	35,3	35,7	36,6	36,5	34,7	33,7	34,4	33,5
Tækniskólinn	32,4	33,3	34,0	34,5	34,2	35,3	34,0	35,2	34,8

Nemendaígildi í dreifnámi:


Skóli	Vor 2009	Haut 2009	Vor 2010	Haut 2010	Vor 2011	Haut 2011	Vor 2012	Haut 2012	Vor 2013	Haut 2013	Vor 2014	Haut 2014	Vor 2015	Haut 2015	Vor 2016	Haut 2016	Vor 2017	Haut 2017
Byggingatækniskólinn	40	30	23	9	13	4	7	5	3	3	6	7	7	14	13	19	13	18
Meistaraskólinn	55	51	50	46	36	49	48	46	40	40	29	37	30	38	36	51	76	89
Raftækniskólinn	17	5	3	2	2	5	0	1	2	1	2	4	4	5	11	15	15	21
Skipstjórnarskólinn	17	30	24	18	25	44	30	26	42	34	34	27	31	26	30	26	26	44
Tæknimenntaskólinn	27	25	15	21	17	27	23	19	21	21	19	19	19	18	16	12	6	25
Upplýsingatækniskólinn	15	10	11	8	9	10	8	8	5	13	11	7	8	11	3	4	11	16
Véltækniskólinn	4	2	4	2	3	3	6	6	4	9	4	4	3	6	6	4	5	13
Tækniskólinn samals	174	152	130	106	105	143	122	110	116	120	106	105	102	119	115	131	153	226

KYNJASKIPTING


Kynjaskipting í dagskóla




Kynjaskipting í dagskóla - Byggingatækniskólinn




Kynjaskipting í dagskóla - Handverksskólinn




Kynjaskipting í dagskóla - Hönnunarbraut




Kynjaskipting í dagskóla - Raftækniskólinn




Kynjaskipting í dagskóla - Skipstjórnarskólinn




Kynjaskipting í dagskóla - Tæknimenntaskólinn




Kynjaskipting í dagskóla - Upplýsingatækniskólinn



Kynjaskipting í dagskóla - Vél tækniskólinn







Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins

Skólavörðuholti, 101 Reykjavík

Sími 514 9000 - Fax 517 3075

www.tskoli.is - tskoli@tskoli.is

Kennitala 531202-3410